

Staða karla og kvenna á lögbýlum á Íslandi

**Jafnrétti í skráningu eignarréttinda
í landbúnaði á árinu 2007**

Mars 2008

Unnið fyrir:
**Jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands
og
landbúnaðarráðuneytið**

HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR

Samantekt

Þessi skýrsla geymir afrakstur vinnu starfsmanna RHA – Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri sem fram fór í tengslum við verkefnið, „Staða karla og kvenna á lögbýlum á Íslandi – jafnrétti í skráningu eignarréttinda á Íslandi 2007“. Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um starfs- og félagslegar aðstæður karla og kvenna á lögbýlum á Íslandi.

Svarhlutfall könnunarinnar er 53,5% og eru konur 54,4% þeirra sem svara spurningarlistanum og karlar 45,6%.

Almennar upplýsingar um svarendur

Þátttakendur í könnuninni voru á aldrinum 18-70 ára og var meðalaldur þeirra tæp 50 ár. Algengasta menntun svarenda er iðnnám eða annað starfsnám en 38,5% svarenda hefur slíka menntun og 34,1% hefur hefðbundna grunnmenntun. Algengara er að karlar en konur í könnuninni hafi farið í bændaskóla en þriðjungur karla eru búfræðingar en aðeins tíundi hluti kvenna. Um 2% bæði karla og kvenna eru búfræðikandidatar.

Svarendur eru í langflestum tilvikum fjölskyldufólk og er meðalfjölskyldustærð svarenda 3,83 einstaklingar. Í langflestum tilvikum er landbúnaður aðalstarf svarenda og maka þeirra eða hjá um 62% svarenda og 56% maka svarenda. Mun fleiri karlar en konur stunda landbúnaðinn sem aðalstarf eða um 70% karla á mót 54% kvenna. Algengast er að svarendur sem ekki stunda landbúnaðinn sem aðalstarf starfi hjá ríki eða sveitarfélagi.

Meðalheildartekjur einstaklinga eru tæpar 211 þúsund krónur og hefur helmingur svarenda um 180 þúsund krónur eða minna á mánuði. Konur hafa mun lægri heildartekjur en karlar og einnig má sjá að heildartekjur eru lægstar á Vestfjörðum og hjá sauðfjár- bændum.

Búskapur og búskaparhættir

Í 81% tilvika er stundaður einhvers konar búskapur á bújörðunum. Það er aðallega í kringum höfuðborgarsvæðið og á Suðurnesjum sem ekki er stundaður búskapur á bújörðunum.

Algengasta búgreinin er sauðfjárrækt sé horft til allra svarenda. Mjög margir svarendur hafa sitt lítið af hverju en auk hefðbundinna búgreina (kindur, kýr, naut og hross), nefndu svarendur t.d. endur, geitur, kanínur og hreindýr. Nokkuð er um að bújörðunum tilheyri einhvers konar hlunnindi eins og veiðiréttindi, æðarvarp, reka, vatnsréttindi, jarðhita og útræði. Þessi hlunnindi eru misjafnlega nýtt af ábúendum.

Meðalvinnuvika svarenda við búreksturinn er 43 stundir. Hún er nokkuð lengri hjá körlum en konum eða um 49 stundir á móti 36 stundum hjá konum. Sé eingöngu horft til þeirra sem stunda búskapinn sem aðalstarf er meðalvinnuvika karla 52 stundir og 37 stundir hjá konum. Vinnuvikan er lengst hjá mjólkurframeiðendum eða að meðaltali 51 stund á viku, 60 stundir hjá körlum og 43 stundir hjá konum.

Þrátt fyrir langa vinnuviku telja einungis rétt rúmlega fjórðungur svarenda að tekjur búsin séu nægjanlegar til þess að framfleyta fjölskyldunni og rúm 40% telja þær ófullnægjandi. Svarendur með mjólkurframleiðslu virðast mun betur í stakk búnir til þess að lifa eingöngu af búrekstrinum. Aðeins 13% sauðfjárþænda og 14% hrossabænda telja tekjur búsin fullnægjandi til að framfleyta fjölskyldunni.

Í flestum tilvikum sinna bæði konur og karlar þeir störfum sem vinna þarf á búunum. Sjá má að hlutfallslega fleiri konur en karlar sinnir störfum innan heimilisins og mjöltum. Karlar sinna hins vegar í meira mæli en konur störfum á borð við hirðingu skepna, heyskap og fjármálum.

Rétt rúmlega helmingur svarenda stundar aðra atvinnu með búrekstrinum. Konur stunda í nokkru meira mæli en karlar aðra atvinnu með búrekstrinum og eru líklegri til að stunda fasta vinnu á meðan karlar eru frekar í íhlaupavinnu eða árstíðabundinni vinnu. Einnig má sjá að síst eru það mjólkurframleiðendur sem stunda aðra atvinnu með búrekstrinum. Í flestum tilvikum hafa svarendur lítinn áhuga á því að vinna utan búsin en neyðast til þess til að geta framfleytt sér og sínum á þokkalegan hátt. Áhuginn er mun minni hjá körlum en konum og einnig kemur í ljós að mjólkurframleiðendur hafa minni áhuga á því að vinna með búrekstrinum eða svarendur í öðrum búgreinum. Einnig kemur í ljós að hjá rétt

innan við helmingi svarenda eru aðstæður einfaldlega þannig að þeir geti ekki unnið utan búsin, aðallega vegna anna við bústörfín.

Í langflestum tilvikum telja svarendur að um óbreyttan búrekstur verði að ræða í framtíðinni en þó telur um þriðjungur svarenda að búið komi til með að stækka í framtíðinni. Um 40% svarenda sér fram á að börnin komi til með að taka við búrekstrinum og í flestum tilvikum telja svarendur það mjög ólíklegt að bújörðin fari í eyði í framtíðinni.

Eignarhald bújarðanna

Svarendur hafa búið að meðaltali um 30 ár á þeim stað sem þeir búa núna og hafa þeir stundað búrekstur á bújörðinni að meðaltali í 22 ár. Karlar hafa almennt búið lengur á bújörðunum og stundað þar búrekstur lengur en konur. Misjafnar ástæður eru fyrir því að svarendur hófu búskap á bújörðunum en algengast er að þeir hafi alist þar upp og tekið við búinu af foreldrum eða uppaldum.

Í flestum tilvikum er svarandi skráður fyrir búrekstrinum og er mun algengara að karlar séu eingöngu skráðir fyrir búrekstrinum en konur. Algengasta rekstrarform búsin er einstaklingsbú eða í um 81% tilvika.

Félagsleg færni svarenda

Misjafnt er hversu virkir félagar eða þátttakendur svarendur eru í félags-, íþrótt- eða tólmundastarfi en þó telur meirihluti svarenda sig vera virka féлага eða þátttakendur í slíku starfi. Mun fleiri karlar en konur eru þátttakendur í sveitarstjórnarmálum og það sama er að segja um þátttöku í félagsstörfum tengdum landbúnaði. Einnig má sjá að mun fleiri karlar en konur sitja í stjórnnum eða nefndum eða sinna trúnaðarstörfum í félögum sínum.

Mikill áhugi virðist vera meðal svarenda á starfstengdum námskeiðum en yfir 93% svarenda töldu æskilegt að bjóða upp á starfstengd námskeið í byggðarlaginu. Mestur er áhuginn á tölvunámskeiðum og svo námskeiðum varðandi búreksturinn.

Um helmingur svarenda býr á sama svæði og nokkrir af þeirra nánustu vinum auk þess sem um 30% til viðbótar býr á sama svæði og flestir vinir þeirra. Rétt innan við fjórðungur svarenda hittir sína

nánustu vini sjaldnar en mánaðarlega en flestir hitta þá þó að minnsta kosti vikulega. Flestir eru á því að þeir vilji hafa meiri samskipti við sína nánustu vini í framtíðinni en þó vill um þriðjungur svarenda hvorki hafa meiri né minni samskipti við þá. Rúmlega þriðjungur svarenda býr ekki á sama svæði og þeirra nánustu ættingjar, systkini, foreldrar eða uppkomin börn en aðrir eiga þó flestir einhverja að á sama svæði. Rétt innan við helmingur svarenda hittir sína nánustu ættingja a.m.k. vikulega eða oft og flestir eru sammála því að þeir vilji hafa meiri samskipti við sína nánustu ættingja í framtíðinni.

Fram kemur að mun fleiri konur en karlar eiga nánast enga eða enga vini eða ættingja á sama svæði og þær búa og einnig kemur fram mikill vilji hjá þeim til þess að hitta bæði vini sína og ættingja mun oft og þær hafa gert til þessa.

Tölvufærni og netnotkun

Almennt séð telja svarendur sig hafa þokkalega færni í að nota tölvur og langflestir hafa aðgang að tölvu með nettengingu. Netnotkun svarenda er þó nokkuð mikil en um þriðjungur svarenda tengjast netinu oft á dag. Segja má að gæði tengingar sé stærsta hindrunin í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann hefur gert fram til þessa.

Samfélagið

Að mati svarenda tekur grunnskólinn alls ekki nægilega mið af aðstæðum barna í sveitum og bent er á lengd skólaársins sem og skóladagsins hjá börnunum. Aðstæður unglinga til að afla sér framhaldsmenntunar eru almennt taldar góðar en þær eru þó misjafnar eftir búsetu. Aðallega er bent á að ekki sé framhaldsskóli í byggðarlaginu sem þýðir í raun að unglingar þurfa annað hvort að flytja að heiman (15-16 ára gömul) og dvelja á heimavist eða að keyra langar leiðir til að sækja skóla. Þess ber einnig að geta að báðir þessir valkostir eru kostnaðarsamir.

Almennt voru svarendur á því að í byggðarlaginu ríki góður nýsköpunarandi, menn séu almennt opnir fyrir nýjum óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun og nýsköpun. Að mati svarenda er ekki um að ræða að til staðar séu kynbundnar

hindranir, hvorki í vegi karla né kvenna í atvinnurekstri. Það hafa þó ekki allir jafn mikla trú á að konum myndi ganga jafnvel og körlum á þessari braut. Svarendur eru yfir höfuð sammála því að karlar og konur hafi jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf.

Svarendur hafa almennt mikla trú á jákvæðri þróun byggðarlags síns í framtíðinni og fáir svarendur eru á því að þeir komi til með að flytja þaðan í burtu í náginni framtíð.

Efnisyfirlit

FORMÁLI	2
1.0 UM VERKEFNIÐ	3
1.1 VERKEFNISLÝSING	3
1.2 MARKMIÐ VERKEFNISINS	3
1.3 FORSENDUR OG AFMÖRKUN	3
1.4 FRAMKVÆMD KÖNNUNAR.....	4
1.5 ÚRVINNSLA	4
2.0 ALMENNAR UPPLÝSINGAR	6
2.1 HEIMTUR.....	6
2.2 LÝÐFRÆÐILEG EINKENNI	6
3.0 BÚSKAPUR OG BÚSKAPARHÆTTIR	15
3.1 BÚGREIN	15
3.2 UMFANG BÚSKAPAR.....	17
3.3 STÖRF INNAN BÚSINS	24
3.4 ATVINNA MEÐ BÚREKSTRI.....	25
3.5 FRAMTÍÐARHORFUR BÚREKSTRAR.....	38
4.0 EIGNARHALD BÚJARÐANNA	48
4.1 ÁBÚENDATÍMI	48
4.2 SKRÁÐUR EIGANDI.....	51
4.3 REKSTRARFORM	53
5.0 FÉLAGSLEG FÆRNI SVARENDA	55
5.1 ÞÁTTTAKA Í FÉLAGS- OG SVEITARSTJÓRNARMÁLUM	55
5.2 STARFSTENGD NÁMSKEIÐ.....	62
5.3 SAMSKIPTI VIÐ VINI OG NÁNUSTU ÆTTINGJA	66
6.0 TÖLVUFÆRNI OG NETNOTKUN	75
6.1 TÖLVUFÆRNI	75
6.2 NETNOTKUN	76
7.0 SAMFÉLAGIÐ	85
7.1 MENNTUN BARNNA	85
7.2 NÝSKÖPUN OG NÝSKÖPUNARANDI	90
7.3 ÞRÓUN BYGGÐARLAGSINS	95
8.0 LOKAORÐ	103

Myndaskrá

Mynd 2.1:1. Svarhlutfall	6
Mynd 2.2:1. Aldur svarenda eftir kyni.....	7
Mynd 2.2:2. Menntun svarenda eftir kyni.....	8
Mynd 2.2:3. Hlutfall búfræðinga og búfræðikandídata eftir kyni.....	8
Mynd 2.2:4. Búseta svarenda.....	8
Mynd 2.2:5. Hvað eru margir kílómetrar til næsta þéttbýlisstaðar frá þeim stað sem þú býrð, greint eftir kyni.....	9
Mynd 2.2:6. Hjúskaparstaða svarenda.....	9
Mynd 2.2:7. Atvinna svarenda og maka.....	10
Mynd 2.2:8. Atvinna svarenda greind eftir kyni.....	11
Mynd 2.2:9. Atvinna maka greind eftir kyni.....	11
Mynd 2.2:10. Starfshlutfall svarenda, greint eftir kyni.....	12
Mynd 3.1:1. Hvernig búskapur er stundaður á jörðinni?.....	15
Mynd 3.1:2. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir kyni.....	16
Mynd 3.1:3. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir aldri.....	16
Mynd 3.1:4. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir búsetu.....	17
Mynd 3.1:5. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir menntun.....	17
Mynd 3.1:6. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir búfræðimenntun.....	17
Mynd 3.2:1. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir kyni.....	18
Mynd 3.2:2. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir aldri.....	18
Mynd 3.2:3. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir búsetu.....	19
Mynd 3.2:4. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir menntun.....	19
Mynd 3.2:5. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir bændaskólamenntun.....	19
Mynd 3.2:6. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir búgrein.....	19
Mynd 3.2:7. eru tekjur bú síns nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir kyni.....	22
Mynd 3.2:8. eru tekjur bú síns nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir aldri.....	23
Mynd 3.2:9. eru tekjur bú síns nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir búsetu....	23
Mynd 3.2:10. eru tekjur bú síns nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir menntun.	23
Mynd 3.2:11. eru tekjur bú síns nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir bændaskólamenntun.....	23
Mynd 3.2:12. eru tekjur bú síns nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir helstu búgreinum.....	24
Mynd 3.3:1. Hvaða störf vinnur þú helst á búinu, greint eftir kyni.....	24

Mynd 3.4:1. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir kyni.....	25
Mynd 3.4:2. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir aldri.	26
Mynd 3.4:3. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir svæðum.	26
Mynd 3.4:4. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir menntun.	26
Mynd 3.4:5. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir búfræðimenntun.	26
Mynd 3.4:6. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir búgrein.....	27
Mynd 3.4:7. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir kyni.....	28
Mynd 3.4:8. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir aldri.....	28
Mynd 3.4:9. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir búsetu.	28
Mynd 3.4:10. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir menntun.	28
Mynd 3.4:11. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir búfræðimenntun....	29
Mynd 3.4:12. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir búgrein.	29
Mynd 3.4:13. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir kyni.	29
Mynd 3.4:14. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir aldri.	30
Mynd 3.4:15. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir búsetu.....	30
Mynd 3.4:16. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir menntun.....	30
Mynd 3.4:17. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir búfræðiprófi.	30
Mynd 3.4:18. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir búgrein.....	31
Mynd 3.4:19. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir kyni.....	32
Mynd 3.4:20. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir aldri.	32
Mynd 3.4:21. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir búsetu.	32
Mynd 3.4:22. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir menntun. ...	32
Mynd 3.4:23. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir búfræðimenntun.....	33
Mynd 3.4:24. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir búgrein.	33
Mynd 3.4:25. Hefur þú áhuga á að vinna utan bú, greint eftir kyni.	34
Mynd 3.4:26. Hefur þú áhuga á að vinna utan bú, greint eftir aldri.	34
Mynd 3.4:27. Hefur þú áhuga á að vinna utan bú, greint eftir búsetu.....	34
Mynd 3.4:28. Hefur þú áhuga á að vinna utan bú, greint eftir menntun.....	34
Mynd 3.4:29. Hefur þú áhuga á að vinna utan bú, greint eftir búfræðimenntun.	35
Mynd 3.4:30. Hefur þú áhuga á að vinna utan bú, greint eftir búgrein.....	35
Mynd 3.4:31. Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bú, greint eftir kyni.	36
Mynd 3.4:32. Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bú, greint eftir aldri.	36
Mynd 3.4:33. Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bú, greint eftir búsetu.....	36
Mynd 3.4:34. Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bú, greint eftir menntun.....	37
Mynd 3.4:35. Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bú, greint eftir búfræðimenntun.	37
Mynd 3.4:36. Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bú, greint eftir búgrein.....	37
Mynd 3.4:37. Hvers vegna áttu ekki heimangengt?.....	38

Mynd 3.5:1. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir kyni.	39
Mynd 3.5:2. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir aldri.	39
Mynd 3.5:3. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir búsetu.....	39
Mynd 3.5:4. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir menntun.....	40
Mynd 3.5:5. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir búfræðimenntun.	40
Mynd 3.5:6. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir kyni.....	41
Mynd 3.5:7. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir aldri.	41
Mynd 3.5:8. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir búsetu.	41
Mynd 3.5:9. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir menntun.	42
Mynd 3.5:10. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir búfræðimenntun.	42
Mynd 3.5:11. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir kyni.....	42
Mynd 3.5:12. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir aldri.....	43
Mynd 3.5:13. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir búsetu.	43
Mynd 3.5:14. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir menntun.	43
Mynd 3.5:15. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir búfræðimenntun.	43
Mynd 3.5:16. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir búgrein.	44
Mynd 3.5:17. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir kyni.	44
Mynd 3.5:18. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir aldri.	44
Mynd 3.5:19. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir búsetu.....	45
Mynd 3.5:20. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir menntun.	45
Mynd 3.5:21. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir búfræðimenntun.....	45
Mynd 3.5:22. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir búgrein.	46

<i>Mynd 3.5:23. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir kyni.</i>	46
<i>Mynd 3.5:24. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir aldri.</i>	46
<i>Mynd 3.5:25. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir búsetu.</i>	47
<i>Mynd 3.5:26. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir menntun.</i>	47
<i>Mynd 3.5:27. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir búfræðimenntun.</i>	47
<i>Mynd 3.5:28. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir búgrein.</i>	47
<i>Mynd 4.1:1. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir kyni.</i>	49
<i>Mynd 4.1:2. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir aldri.</i>	49
<i>Mynd 4.1:3. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir búsetu.</i>	50
<i>Mynd 4.1:4. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir menntun.</i>	50
<i>Mynd 4.1:5. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir búfræðiprófi. ...</i>	50
<i>Mynd 4.1:6. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir búgrein.</i>	50
<i>Mynd 4.2:1. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir kyni.</i>	51
<i>Mynd 4.2:2. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir aldri.</i>	51
<i>Mynd 4.2:3. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir búsetu.</i>	52
<i>Mynd 4.2:4. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir menntun.</i>	52
<i>Mynd 4.2:5. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir búfræðimenntun.</i>	52
<i>Mynd 4.2:6. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir búgrein.</i>	52
<i>Mynd 4.3:1. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir kyni.</i>	53
<i>Mynd 4.3:2. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir aldri.</i>	53
<i>Mynd 4.3:3. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir búsetu.</i>	54
<i>Mynd 4.3:4. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir menntun.</i>	54
<i>Mynd 4.3:5. Hvernig er rekstrarform búsins, greint eftir búfræðimenntun.</i>	54
<i>Mynd 4.3:6. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir búgrein.</i>	54
<i>Mynd 5.1:1. Ert þú virkur félagi/þátttakandi í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi, greint eftir kyni.</i>	55
<i>Mynd 5.1:2. Ert þú virkur félagi/þátttakandi í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi, greint eftir aldri.</i>	56
<i>Mynd 5.1:3. Ert þú virkur félagi/þátttakandi í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi, greint eftir búsetu.</i>	56
<i>Mynd 5.1:4. Ert þú virkur félagi/þátttakandi í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi, greint eftir menntun.</i>	56
<i>Mynd 5.1:5. Tekur þú virkan þátt í sveitarstjórnarmálum, greint eftir kyni.</i>	57
<i>Mynd 5.1:6. Tekur þú virkan þátt í sveitarstjórnarmálum, greint eftir aldri.</i>	57

<i>Mynd 5.1:7. Tekur þú virkan þátt í sveitarstjórnarmálum, greint eftir búsetu.....</i>	<i>57</i>
<i>Mynd 5.1:8. Tekur þú virkan þátt í sveitarstjórnarmálum, greint eftir menntun.....</i>	<i>58</i>
<i>Mynd 5.1:9. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir kyni.</i>	<i>58</i>
<i>Mynd 5.1:10. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir aldri.</i>	<i>58</i>
<i>Mynd 5.1:11. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir búsetu.</i>	<i>59</i>
<i>Mynd 5.1:12. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir menntun. ...</i>	<i>59</i>
<i>Mynd 5.1:13. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir búfræðiprófi.</i>	<i>59</i>
<i>Mynd 5.1:14. Hversu virkan þátt tekur þú í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir kyni.</i>	<i>60</i>
<i>Mynd 5.1:15. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir kyni.</i>	<i>60</i>
<i>Mynd 5.1:16. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir aldri.</i>	<i>60</i>
<i>Mynd 5.1:17. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir búsetu.</i>	<i>61</i>
<i>Mynd 5.1:18. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir menntun.</i>	<i>61</i>
<i>Mynd 5.1:19. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir búfræðimenntun.</i>	<i>61</i>
<i>Mynd 5.1:20. Hvers vegna er virkni kvenna ekki nægjanleg?.....</i>	<i>62</i>
<i>Mynd 5.2:1. Telur þú æskilegt að bjóða upp á starfstengd námskeið í þínu byggðarlagi, greint eftir kyni.</i>	<i>62</i>
<i>Mynd 5.2:2. Telur þú æskilegt að bjóða upp á starfstengd námskeið í þínu byggðarlagi, greint eftir aldri.</i>	<i>63</i>
<i>Mynd 5.2:3. Telur þú æskilegt að bjóða upp á starfstengd námskeið í þínu byggðarlagi, greint eftir búsetu.....</i>	<i>63</i>
<i>Mynd 5.2:4. Telur þú æskilegt að bjóða upp á starfstengd námskeið í þínu byggðarlagi, greint eftir menntun.....</i>	<i>63</i>
<i>Mynd 5.2:5. Hvernig námskeið helst?.....</i>	<i>64</i>
<i>Mynd 5.2:6. Myndir þú sækja slíkt námskeið, greint eftir kyni.</i>	<i>64</i>
<i>Mynd 5.2:7. Myndir þú sækja slíkt námskeið, greint eftir aldri.</i>	<i>64</i>
<i>Mynd 5.2:8. Myndir þú sækja slíkt námskeið, greint eftir búsetu.....</i>	<i>65</i>
<i>Mynd 5.2:9. Myndir þú sækja slíkt námskeið, greint eftir menntun.....</i>	<i>65</i>
<i>Mynd 5.2:10. Hvers vegna myndir þú ekki sækja slík námskeið?</i>	<i>65</i>
<i>Mynd 5.3:1. Hversu margir af þínum nánustu vinum búa á sama svæði og þú, greint eftir kyni. .</i>	<i>66</i>
<i>Mynd 5.3:2. Hversu margir af þínum nánustu vinum búa á sama svæði og þú, greint eftir aldri..</i>	<i>66</i>
<i>Mynd 5.3:3. Hversu margir af þínum nánustu vinum búa á sama svæði og þú, greint eftir búsetu.</i>	<i>67</i>
<i>Mynd 5.3:4. Hversu margir af þínum nánustu vinum búa á sama svæði og þú, greint eftir menntun.....</i>	<i>67</i>
<i>Mynd 5.3:5. Hversu oft hittir þú nánustu vini þína, greint eftir kyni.</i>	<i>67</i>
<i>Mynd 5.3:6. Hversu oft hittir þú nánustu vini þína, greint eftir aldri.....</i>	<i>68</i>

<i>Mynd 5.3:7. Hversu oft hittir þú nánustu vini þína, greint eftir búsetu.</i>	68
<i>Mynd 5.3:8. Hversu oft hittir þú nánustu vini þína, greint eftir menntun.</i>	68
<i>Mynd 5.3:9. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu vini í framtíðinni en þú hefur gert til þessa, greint eftir kyni.</i>	69
<i>Mynd 5.3:10. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu vini í framtíðinni en þú hefur gert til þessa, greint eftir aldri.</i>	69
<i>Mynd 5.3:11. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu vini í framtíðinni en þú hefur gert til þessa, greint eftir búsetu.</i>	69
<i>Mynd 5.3:12. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu vini í framtíðinni en þú hefur gert til þessa, greint eftir menntun.</i>	70
<i>Mynd 5.3:13. Hversu margir af þínum nánustu ættingjum, systkini, foreldrar, uppkomin börn, búa á sama svæði og þú, greint eftir kyni.</i>	70
<i>Mynd 5.3:14. Hversu margir af þínum nánustu ættingjum, systkini, foreldrar, uppkomin börn, búa á sama svæði og þú, greint eftir aldri.</i>	71
<i>Mynd 5.3:15. Hversu margir af þínum nánustu ættingjum, systkini, foreldrar, uppkomin börn, búa á sama svæði og þú, greint eftir búsetu.</i>	71
<i>Mynd 5.3:16. Hversu margir af þínum nánustu ættingjum, systkini, foreldrar, uppkomin börn, búa á sama svæði og þú, greint eftir menntun.</i>	71
<i>Mynd 5.3:17. Hversu oft hittir þú nánustu ættingja þína, greint eftir kyni.</i>	72
<i>Mynd 5.3:18. Hversu oft hittir þú nánustu ættingja þína, greint eftir aldri.</i>	72
<i>Mynd 5.3:19. Hversu oft hittir þú nánustu ættingja þína, greint eftir búsetu.</i>	72
<i>Mynd 5.3:20. Hversu oft hittir þú nánustu ættingja þína, greint eftir menntun.</i>	72
<i>Mynd 5.3:21. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu ættingja í framtíðinni, greint eftir kyni.</i>	73
<i>Mynd 5.3:22. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu ættingja í framtíðinni, greint eftir aldri.</i>	73
<i>Mynd 5.3:23. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu ættingja í framtíðinni, greint eftir búsetu.</i>	74
<i>Mynd 5.3:24. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu ættingja í framtíðinni, greint eftir menntun.</i>	74
<i>Mynd 6.1:1. Hvort myndir þú segja að þú hafir mikla eða litla færni í að nota tölvur, greint eftir kyni.</i>	75
<i>Mynd 6.1:2. Hvort myndir þú segja að þú hafir mikla eða litla færni í að nota tölvur, greint eftir aldri.</i>	75
<i>Mynd 6.1:3. Hvort myndir þú segja að þú hafir mikla eða litla færni í að nota tölvur, greint eftir búsetu.</i>	76

Mynd 6.1:4. Hvort myndir þú segja að þú hafir mikla eða litla færni í að nota tölvur, greint eftir menntun.....	76
Mynd 6.2:1. Hefur þú aðgang að tölvu með nettengingu, greint eftir kyni.	77
Mynd 6.2:2. Hefur þú aðgang að tölvu með nettengingu, greint eftir aldri.	77
Mynd 6.2:3. Hefur þú aðgang að tölvu með nettengingu, greint eftir búsetu.....	77
Mynd 6.2:4. Hefur þú aðgang að tölvu með nettengingu, greint eftir menntun.....	77
Mynd 6.2:5. Hvar hefur þú aðgang að nettengingu?.....	78
Mynd 6.2:6. Hversu oft notar þú netið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang, greint eftir kyni.	78
Mynd 6.2:7. Hversu oft notar þú netið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang, greint eftir aldri.	78
Mynd 6.2:8. Hversu oft notar þú netið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang, greint eftir búsetu.....	79
Mynd 6.2:9. Hversu oft notar þú netið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang, greint eftir menntun.....	79
Mynd 6.2:10. Helstu hindranir í vegi þess að nota netið meira en gert er í dag.	79
Mynd 6.2:11. Kunnáttuleysi sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir kyni.....	80
Mynd 6.2:12. Kunnáttuleysi sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir aldri.	80
Mynd 6.2:13. Kunnáttuleysi sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir búsetu.	81
Mynd 6.2:14. Kunnáttuleysi sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir menntun.	81
Mynd 6.2:15. Kostnaður sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir kyni.....	81
Mynd 6.2:16. Kostnaður sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir aldri.	82
Mynd 6.2:17. Kostnaður sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir búsetu.	82
Mynd 6.2:18. Kostnaður sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir menntun.	82
Mynd 6.2:19. Gæði tengingar sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir kyni.....	83
Mynd 6.2:20. Gæði tengingar sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir aldri.	83

<i>Mynd 6.2:21. Gæði tengingar sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir búsetu.</i>	83
<i>Mynd 6.2:22. Gæði tengingar sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir menntun.</i>	84
<i>Mynd 7.1:1. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir kyni.</i>	85
<i>Mynd 7.1:2. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir aldri.</i>	86
<i>Mynd 7.1:3. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir búsetu.</i>	86
<i>Mynd 7.1:4. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir menntun.</i>	86
<i>Mynd 7.1:5. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir búfræðimenntun.</i>	87
<i>Mynd 7.1:6. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir búgrein.</i>	87
<i>Mynd 7.1:7. Hvers vegna tekur grunnskólinn ekki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum?</i>	88
<i>Mynd 7.1:8. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir kyni.</i>	88
<i>Mynd 7.1:9. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir aldri.</i>	88
<i>Mynd 7.1:10. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir búsetu.</i>	89
<i>Mynd 7.1:11. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir menntun.</i>	89
<i>Mynd 7.1:12. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir búfræðimenntun.</i>	89
<i>Mynd 7.1:13. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir búgrein.</i>	90
<i>Mynd 7.1:14. Hvers vegna eru aðstæður unglinga slæmar til að afla sér framhaldsmenntunar?..</i>	90
<i>Mynd 7.2:1. Hversu opnir eru menn almennt fyrir venjulegum og/eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun, greint eftir kyni.</i>	91
<i>Mynd 7.2:2. Hversu opnir eru menn almennt fyrir venjulegum og/eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun, greint eftir aldri.</i>	91

<i>Mynd 7.2:3. Hversu opnir eru menn almennt fyrir venjulegum og/eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun, greint eftir búsetu.</i>	92
<i>Mynd 7.2:4. Hversu opnir eru menn almennt fyrir venjulegum og/eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun, greint eftir menntun.</i>	92
<i>Mynd 7.2:5. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stofna ný fyrirtæki í byggðarlaginu, greint eftir kyni.</i>	92
<i>Mynd 7.2:6. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stofna ný fyrirtæki í byggðarlaginu, greint eftir aldri.</i>	93
<i>Mynd 7.2:7. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stofna ný fyrirtæki í byggðarlaginu, greint eftir búsetu.</i>	93
<i>Mynd 7.2:8. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stofna ný fyrirtæki í byggðarlaginu, greint eftir menntun.</i>	93
<i>Mynd 7.2:9. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum í byggðarlaginu, greint eftir kyni.</i>	94
<i>Mynd 7.2:10. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum í byggðarlaginu, greint eftir aldri.</i>	94
<i>Mynd 7.2:11. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum í byggðarlaginu, greint eftir búsetu.</i>	94
<i>Mynd 7.2:12. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum í byggðarlaginu, greint eftir menntun.</i>	94
<i>Mynd 7.3:1. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi karla í atvinnurekstri, greint eftir kyni.</i>	95
<i>Mynd 7.3:2. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi karla í atvinnurekstri, greint eftir aldri.</i>	95
<i>Mynd 7.3:3. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi karla í atvinnurekstri, greint eftir búsetu.</i>	96
<i>Mynd 7.3:4. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi karla í atvinnurekstri, greint eftir menntun.</i>	96
<i>Mynd 7.3:5. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri, greint eftir kyni.</i>	97
<i>Mynd 7.3:6. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri, greint eftir aldri.</i>	97
<i>Mynd 7.3:7. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri, greint eftir búsetu.</i>	97
<i>Mynd 7.3:8. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri, greint eftir menntun.</i>	97
<i>Mynd 7.3:9. Hafa karlar og konur jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf, greint eftir kyni.</i>	98

Mynd 7.3:10. Hafa karlar og konur jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf, greint eftir aldri.	99
Mynd 7.3:11. Hafa karlar og konur jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf, greint eftir búsetu.....	99
Mynd 7.3:12. Hafa karlar og konur jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf, greint eftir menntun.....	99
Mynd 7.3:13. Hefur þú trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum, greint eftir kyni...100	
Mynd 7.3:14. Hefur þú trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum, greint eftir aldri. .100	
Mynd 7.3:15. Hefur þú trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum, greint eftir búsetu.	100
Mynd 7.3:16. Hefur þú trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum, greint eftir menntun.	100
Mynd 7.3:17. Hefur þú áform um að flytja í burtu í náinni framtíð, greint eftir kyni.	101
Mynd 7.3:18. Hefur þú áform um að flytja í burtu í náinni framtíð, greint eftir aldri.....	101
Mynd 7.3:19. Hefur þú áform um að flytja í burtu í náinni framtíð, greint eftir búsetu.	101
Mynd 7.3:20. Hefur þú áform um að flytja í burtu í náinni framtíð, greint eftir menntun.	102
Mynd 7.3:21. Hvers vegna muntu flytja?	102

Töfluskrá

Tafla 2.2:1. Dreifing heildarlauna einstaklinga á mánuði fyrir skatta eftir kyni.	13
Tafla 2.2:2. Dreifing heildarlauna einstaklinga á mánuði fyrir skatta eftir kyni.	13
Tafla 2.2:3. Dreifing heildarlauna einstaklinga á mánuði fyrir skatta eftir kyni.	13
Tafla 2.2:4. Dreifing heildarlauna heimilisins á mánuði fyrir skatta eftir kyni.	13
Tafla 2.2:5. Dreifing heildarlauna heimilisins á mánuði fyrir skatta eftir kyni.....	14
Tafla 2.2:6. Dreifing heildarlauna heimilisins á mánuði fyrir skatta eftir kyni.....	14
Tafla 3.2:1. Meðalvinnustundir við búreksturinn á viku, greint eftir kyni.....	20
Tafla 3.2:2. Meðalvinnustundir við búreksturinn á viku, greint eftir kyni og búgrein.....	21
Tafla 3.2:3. Meðalvinnustundir við búreksturinn á viku yfir vetrartímann, greint eftir kyni og búgrein.....	21
Tafla 3.2:4. Meðalvinnustundir við búreksturinn á viku yfir sumartímann, greint eftir kyni og búgrein.....	21
Tafla 4.1:1. Meðal árafjöldi í ábúð og með rekstur, greint eftir kyni og búgrein.	48
Tafla 4.1:2. Meðal árafjöldi í ábúð og með rekstur, greint eftir kyni og búgrein.	48
Tafla 7.3:1. Í hverju birtast kynbundnar hindranir?	98

Formáli

Þessi skýrsla geymir afrakstur vinnu starfsmanna RHA – Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri sem fram fór í tengslum við verkefnið, „Staða karla og kvenna á lögbýlum á Íslandi – jafnrétti í skráningu eignarréttinda á Íslandi 2007“. Vinna þessi fór fram að beiðni jafnréttisnefndar Bændasamtaka Íslands en auk hennar fjármagnaði landbúnaðarráðuneytið og framleiðisjóður landbúnaðarins rannsóknina. Sérstakar þakkir fær Kristín Sigfúsdóttir, landbúnaðarráðuneytinu en án hennar framlags hefði þetta verkefni ekki orðið að veruleika eins og það er í dag.

Tilfni þessarar rannsóknar eru þær miklu þjóðfélagslegu breytingar sem átt hafa sér stað á síðustu áratugum. Breytingar, sem hafa einkennst af auknum búferlaflutningum, bæði milli landshluta og sveitarfélaga, sem og á milli landa. Þessar þjóðfélagslegu breytingar hafa haft veruleg áhrif á lífskjör og breyttar fjölskylduaðstæður sem og atvinnuhætti og menntun landans. Störfum í svokölluðum frumvinnslugreinum (landbúnaði og sjávarútvegi) hefur fækkað mikið í kjölfar aukinnar tæknivæðingar en þessar greinar hafa verið undirstaða atvinnulífs á landsbyggðinni síðustu áratugi. Einnig hafa verulegar breytingar átt sér stað í landbúnaði vegna söluheimilda framleiðsluréttar, bæði í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt.

Hjördís Sigursteinsdóttir

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri

1.0 Um verkefnið

Hér á eftir verður gefin nánari lýsing á verkefninu ásamt markmiði, forsendum og afmörkun.

1.1 Verkefnislýsing

Verkefnið felst í viðhorfskönnun meðal karla og kvenna búsettum á lögbýlum á Íslandi í janúar 2007. Aflað var upplýsinga um eftirfarandi þætti:

- Búskap og búskaparhætti
- Vinnutíma
- Tekjur
- Ábúendatíma
- Framtíð búrekstursins og þróun byggðarlagsins
- Fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar
- Atvinnu og atvinnumöguleika
- Aðgengi að lánsfé, styrkjum, sjóðum og atvinnuráðgjöf
- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Aðstæður til menntunar
- Sí- og endurmenntun
- Þátttöku í félagsstörfum og sveitarstjórnarmálum
- Tölvufærni og nettengingar
- Samskipti við ættingja og vini

1.2 Markmið verkefnisins

Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um starfs- og félagslegar aðstæður karla og kvenna á lögbýlum á Íslandi. Rannsókninni er ætlað að leiða í ljós hvort tilefni sé til þess og þörf sé á að styrkja sérstaklega stöðu karla og kvenna á ákveðnum svæðum á Íslandi.

1.3 Forsendur og afmörkun

- Þýðið sem lagt er til grundvallar eru allir einstaklingar sem búsettir eru á lögbýli á Íslandi á aldrinum 18 – 70 ára.
- Svarendur verða að vera eigendur eða ábúendur á viðkomandi lögbýli.

1.4 Framkvæmd könnunar

Í grundvallaratriðum var notaður spurningalisti frá árinu 1998 sem hannaður var til að kanna starfsleg og félagsleg skilyrði kvenna í dreifbýli á Norðurlandi vestra. Auk þess sem bætt var við spurningum varðandi atvinnuþróun, nýsköpun og aðgengi að fjármagni auk spurninga varðandi tölvufærni og samskipti við nánustu ættingja og vini.

Tekið var úrtak meðal karla og kvenna á aldrinum 20-75 ára sem búsett voru á lögbýlum á Íslandi í janúar 2007. Tekið var lagskipt slembiúrtak úr lögbýlaskrá, útgefin af landbúnaðarráðuneytinu árið 2006, meðal þeirra sem uppfylltu framangreind skilyrði. Valið var kerfisbundið þannig að tekið var annað hvert lögbýli úr skránni þar sem skráð var búseta en síðan tekið slembiúrtak við val á einstaklingum búsettum á hverju lögbýli fyrir sig til að svara spurningalistanum. Í þeim sveitarfélögum þar sem fjöldi lögbýla var undir 15 voru öll lögbýlin höfð með til að tryggja lágmarks fjölda svara á greiningarsvæðum.

Spurningalistinn var sendur í pósti til allra ásamt hvatningarbréfi um að taka þátt í könnuninni. Svarendum var gert kleift að svara spurningalistanum á tvennan hátt; annað hvort með rafrænum hætti á slóðinni www.unak.is/kannanir eða með því að svara spurningalistanum og senda hann sér að kostnaðarlausu til baka. Hvatningarbréfið innihélt lykilorð fyrir hvern og einn einstakling til að komast inn á könnunina á rafrænan hátt. Við framkvæmd könnunarinnar var farið í hvívetna að ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (nr. 77, 23. maí 2000). Spurningalistanum var síðan fylgt eftir með tveimur ítrekunum. Með seinni ítrekuninni var sent annað eintak af spurningalistanum.

1.5 Úrvinnsla

Til að meta starfsskilyrði karla og kvenna er horft á spurningar varðandi atvinnumöguleika, tekjur, búskap og búskaparhætti, vinnuframlag, vinnuaðstæður, nýsköpun og framtíðarhorfur. Til að meta félagslega stöðu karla og kvenna er horft til spurninga varðandi þátttöku í félagsstörfum, nálægð og samskipti við vini og nánustu ættingja og þann tíma sem viðkomandi einstaklingur hefur

búið í tilteknu sveitarfélagi. Svörin eru greind eftir kynferði, aldri, búsetu, menntun og búskaparháttum þar sem við á.

Innsendir spurningalistar voru skannaðir inn í tölvu og þau gögn ásamt gögnum þeirra sem svöruðu á netinu voru flutt í tölfræðiforritið SPSS til frekari úrvinnslu. Í úrvinnslunni var áreiðanleiki greininga metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn sem tekið var mið af slíkri greiningu í umræðu um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru. Niðurstöður eru settar fram á myndrænan hátt og í töflum ásamt túlkun á niðurstöðum og þeim tölfræðiprófum sem notuð voru.

Svarendum var skipt niður í fimm flokka eftir aldri; (1) 30 ára og yngri, (2) 31-40 ára, (3) 41-50 ára, (4) 51-60 ára og (5) 61 árs og eldri. Þessi aldursskipting er notuð þegar svör við einstaka spurningum eru greind niður eftir aldri.

Svarendum var skipt niður á tvennan hátt eftir menntun, annars vegar í fjórflokka skiptingu, þ.e. grunnnám, iðnnám eða annað starfsnám, stúdentspróf og háskólapróf og hins vegar í þríflokka skiptingu, þ.e. hvort viðkomandi hafi búfræðimenntun (búfræðingur, búfræðikandídat) eða ekki. Síðari skiptingin er eingöngu notuð í spurningum sem lúta að búrekstri.


2.0 Almennar upplýsingar

Í þessum kafla er að finna almennar upplýsingar um svarendur rannsóknarinnar á stöðu karla og kvenna á lögbýlum á Íslandi. Honum er skipt niður í tvo hluta þar sem annars vegar er fjallað um fjölda þátttakenda í spurningakönnuninni og hins vegar um lýðfræðileg einkenni þeirra, þ.e. aldur, menntun, búsetu, fjölskyldu, atvinnu, starfshlutfall og tekjur.

2.1 Heimtur

Spurningalistinn var sendur inn á 2102 heimili en 68 komu til baka með upplýsingum að viðkomandi væri fluttur eða ekki hægt að ná af næstu mánuði. Jafnframt fengust síðar upplýsingar um að í 49 tilvikum til viðbótar ætti spurningalistinn ekki við þar sem ekki væri um eiginlegt lögbýli að ræða og þar hefði aldrei verið stundaður búskapur. Endanlegt úrtak var því 1985 manns, 49% karlar og 51% konur. Alls voru það 1066 manns sem skiluðu inn spurningalistanum en síðar kom í ljós að fimm spurningalistar voru auðir þannig að 1061 einstaklingur svaraði spurningalistanum. Þetta þýðir að svarhlutfallið er 53,5%. Miklu fleiri kusu að senda inn útfylltan lista en að notfæra sér valkostinn að svara á netinu eða 82% á móti 18% sem svöruðu á netinu.

Hvað kynferði varðar þá eru konur 54,4% þeirra sem svara spurningalistanum og 45,6% karlar. Hlutfall kvenna í könnunni er aðeins hærra hlutfall en í úrtakinu sjálfu en þó má segja að svarendur endurspegli úrtakið nokkuð vel m.t.t. kynferðis.



Mynd 2.1:1. Svarhlutfall

2.2 Lýðfræðileg einkenni


Í þessum hluta er fjallað um lýðfræðileg einkenni svarenda. Til lýðfræðilegra einkenna teljast allar almennar upplýsingar um einstaklinginn sjálfan eins og aldur, menntun, búseta, fjölskylda,

hjúskaparstaða, starf og tekjur. Í sumum tilvikum slepptu svarendur að gefa upp lýðfræðileg einkenni.

Aldur

Þátttakendur í könnuninni voru á aldrinum 18-70 ára og var meðalaldur þeirra tæp 50 ár. Helmingur svarenda er 49 ára eða yngri og helmingurinn eldri en það. Meðalaldur karla var nokkuð hærri en kvenna eða rúm 52 ár á móti tæpum 48 árum hjá konum.

Flestir svarendur voru á aldrinum 41-50 ára eða rétt um þriðjungur svarenda og rúm 27% voru á aldrinum 51-60 ára. Aldursdreifing karla og kvenna er mjög svipuð en þó má sjá að mun hærra hlutfall karla en kvenna tilheyrir elsta aldurshópnum og að sama skapi eru hlutfallslega færri karlar en konur sem tilheyra yngstu aldurshópnum tveimur.




Mynd 2.2:1. Aldur svarenda eftir kyni.


Menntun

Flestir svarendur hafa lokið iðnnámi eða öðru starfsnámi eða 38,5% svarenda og 34,1% hefur hefðbundna grunnmenntun. Menntun¹ karla og kvenna er nokkuð frábrugðin. Konur hafa almennt lengri skólagöngu að baki en karlar og mun fleiri konur en karlar hafa lokið háskólagráðu. Algengara er hins vegar að karlar í könnuninni hafi farið í bændaskóla en rétt innan við þriðjungur karla eru búfræðingar en aðeins tíundi hluti kvenna. Jafnmargir karlar og konur eru búfræðikandídatar eða um 2%.

¹ (Tau-c=,16; α=,000)




Mynd 2.2:2. Menntun svarenda eftir kyni.



Mynd 2.2:3. Hlutfall búfræðinga og búfræðikandídata eftir kyni.

Búseta


Fjöldi lögbýla í ábúð er mismunandi eftir landssvæðum. Flest eru þau staðsett á Suðurlandi síðan Norðurlandi eystra og svo Norðurlandi vestra. Langfæst eru þau á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Það er því eðlilegt að úrtakið endurspegli þessa skiptingu sem og svarendur könnunarinnar. Segja má að svarendur könnunarinnar endurspegli úrtakið vel.



Mynd 2.2:4. Búseta svarenda.

Fjarlægð býla frá þéttbýlisstað getur haft áhrif á starfs- og félagsleg skilyrði fólks í dreifbýli. Hún skiptir miklu máli ef aðstæður eru þannig að sækja þurfi mikla þjónustu eða atvinnu út fyrir heimilið því meiri fjarlægð þýðir aukinn kostnað fyrir viðkomandi að sækja slíkt.


Algengast er að svarendur búi í 26 km fjarlægð eða meiri frá næsta þéttbýlisstað eða þá í 6-15 km fjarlægð. Í fæstum tilvikum er um að ræða innan við fimm kílómetra til næsta þéttbýlisstaðar.



Mynd 2.2:5. Hvað eru margir kílómetrar til næsta þéttbýlisstaðar frá þeim stað sem þú býrð, greint eftir kyni.

Fjölskylda

Langflestir svarendur eru fjölskyldufólk, þ.e. búa annað hvort með maka sínum eða barni/börnum eða bæði. Þó búa 15% svarenda einir, aðallega karlar en tæp 17% karla eru einhleypir og rúm 7% kvenna. Um þriðjungur svarenda sem eiga maka eru í sambúð en hinir hafa fest ráð sitt og gifst.




Mynd 2.2:6. Hjúskaparstaða svarenda.

Meðalfjölskyldustærð svarenda er 3,83 einstaklingar og á helmingi heimilanna búa fjórir eða fleiri og á helmingi heimilanna færri en fjórir. Í rúmlega 40% tilvika er eingöngu um að ræða einstaklinga eldri en 20 ára á heimilinu en í tæpum 60% tilvika búa þar líka einstaklingar innan við tvítugt. Fjöldi barna á þeim heimilum liggur á bilinu eitt til sex börn og er meðalfjöldi barna á heimilunum 2,24.

Starf og starfshlutfall

Landbúnaður er aðalstarf langflestra svarenda og maka þeirra eða hjá um 62% svarenda og 56% maka svarenda. Næst flestir vinna við opinbera þjónustu og skiptir þá engu hvort horft er til svarenda eða maka þeirra.




Mynd 2.2:7. Atvinna svarenda og maka.

Greina má mun á atvinnu² karla og kvenna en um 70% karla stunda landbúnað sem aðalstarf en um 54% kvenna. Fyrir utan landbúnaðarstörf þá starfa konur aðallega við þjónustustörf, aðallega þjónustustörf hjá ríki eða sveitarfélagi en karlar eru meira í iðnaðarstörfum. Skiptir þá í raun engu hvort horft er til svarenda eða maka þeirra. Menntun³ hefur klárlega áhrif á starfaval svarenda. Þeir svarendur sem hafa farið í bændaskóla og orðið búfræðingar eða búfræðikandidatar starfa í mun meira mæli en aðrir


² Svarendur: (Tau-c=,19; a=,000), makar: (Tau-c=,23; a=,000)

³ Búfræðimenntun: (Tau-c=,14; a=,000), fjórflokka menntun: (Tau-c=,16; a=,000)

svarendur með landbúnað sem aðalstarf. Þetta á einnig við um þá sem hafa lokið grunnskólaprófi eða iðnnámi eða öðru starfsnámi, þeir starfa í meira mæli en aðrir við landbúnað sem aðalstarf.



Mynd 2.2:8. Atvinna svarenda greind eftir kyni.




Mynd 2.2:9. Atvinna maka greind eftir kyni.

Um 78% svarenda eru í fullu starfi og um 6% til viðbótar í meira en hálfu starfi en þó ekki í fullu stöðugildi. Greina má mun á starfshlutfalli⁴ eftir því hvort um karla eða konur er að ræða. Mun

⁴ (Tau-c=,13; α=,000)

hærra hlutfall kvenna en karla er í hlutastarfi. Um 20% kvenna eru í hálfu starfi eða minna en aðeins 12% karla.



Mynd 2.2:10. Starfshlutfall svarenda, greint eftir kyni.

Tekjur

Upplýsingar um tekjur eru misviðkvæmar fyrir einstaklinga og kusu um 14% svarenda að sleppa því að svara spurningunum varðandi tekjur sínar og heimilisins. Til heildartekna teljast allar tekjur sem viðkomandi hefur að jafnaði, þ.e. launatekjur, lífeyrir, námslán og atvinnuleysisbætur en ekki barnabætur eða aðrar félagslegar bætur.

Heildartekjur einstaklinga á mánuði fyrir skatta sem svöruðu spurningalistanum liggja á bilinu kr. 0 og upp í að vera kr. 980.000. Meðalheildartekjur einstaklinga á mánuði fyrir skatta eru kr. 210.651 og helmingur svarenda hefur kr. 180.000 eða minna á mánuði og helmingurinn meira en það. Meðalheildartekjur heimilanna fyrir skatta eru kr. 381.753 og helmingur heimila svarenda hefur kr. 350.000 eða minna á mánuði og helmingurinn meira en það.

Nokkur munur er á heildartekjum karla og kvenna. Hjá körlum liggja heildartekjur fyrir skatta á bilinu kr. 40.000 á mánuði og upp í kr. 800.000. Meðalheildartekjur karla eru kr. 234.623 og helmingur karla hefur kr. 200.000 eða minna í heildartekjur á mánuði og helmingurinn meira en það. Heildartekjur kvenna á mánuði fyrir skatta liggja á bilinu kr. 0 og upp í kr. 980.000. Meðalheildartekjur kvenna eru kr. 191.212 og helmingur kvenna hefur kr. 160.000 eða minna í heildartekjur á mánuði og helmingurinn meira en það.

Tafla 2.2:1. Dreifing heildarlauna einstaklinga á mánuði fyrir skatta eftir kyni.

Í þús.	Dreifing heildarlauna einstaklinga					
	Fjöldi	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Staðalfrávik
Allir	797	210.651	119.800	180.000	273.000	123.013
Karlar	359	234.623	131.000	200.000	297.000	132.722
Konur	437	191.212	115.000	160.000	245.000	110.829

Tafla 2.2:2. Dreifing heildarlauna einstaklinga á mánuði fyrir skatta eftir kyni.

Í þús.	Dreifing heildarlauna einstaklinga					
	Fjöldi	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Staðalfrávik
Höfuðborgarsvæði + Suðurnes	7	263.143	92.000	260.000	300.000	160.029
Vesturland	105	226.432	121.000	200.000	290.000	122.229
Vestfirðir	45	164.720	95.000	138.000	206.820	92.533
Norðurland vestra	125	209.128	106.000	165.000	278.000	139.752
Norðurland eystra	193	207.768	120.000	160.000	258.000	111.554
Austurland	84	201.930	108.000	175.000	250.000	110.685
Suðurland	238	220.289	124.439	200.000	270.000	129.180

Tafla 2.2:3. Dreifing heildarlauna einstaklinga á mánuði fyrir skatta eftir kyni.

Í þús.	Dreifing heildarlauna einstaklinga					
	Fjöldi	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Staðalfrávik
Blandaður búrekstur	112	173.042	118.000	150.000	199.000	88.193
Mjólkurframleiðsla	117	195.429	120.200	160.000	242.000	103.431
Sauðfjárrækt	276	196.143	101.000	160.000	255.244	121.955
Nautgripir	10	229.400	110.000	182.000	260.000	140.472
Hross	46	300.783	195.500	277.000	385.000	162.370
Annað	39	208.282	134.500	193.000	255.500	90.172

Tafla 2.2:4. Dreifing heildarlauna heimilisins á mánuði fyrir skatta eftir kyni.

Í þús.	Dreifing heildarlauna einstaklinga					
	Fjöldi	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Staðalfrávik
Allir	797	381.753	243.300	350.000	496.000	200.9214
Karlar	360	376.938	235.000	342.500	490.000	195.342
Konur	436	386.375	247.000	350.000	496.000	205.319

Tafla 2.2:5. Dreifing heildarlauna heimilisins á mánuði fyrir skatta eftir kyni.

Í þús.	Dreifing heildarlauna einstaklinga					
	Fjöldi	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Staðalfrávik
Höfuðborgarsvæði + Suðurnes	8	355.875	160.000	385.000	450.000	176.640
Vesturland	103	394.052	236.000	350.000	490.000	212.272
Vestfirðir	48	315.918	180.799	250.000	360.000	190.704
Norðurland vestra	129	373.977	200.000	342.000	480.000	200.533
Norðurland eystra	187	397.283	250.000	360.500	497.000	191.847
Austurland	80	360.541	219.000	312.500	473.500	178.874
Suðurland	242	389.589	248.000	350.000	482.000	211.267

Tafla 2.2:6. Dreifing heildarlauna heimilisins á mánuði fyrir skatta eftir kyni.

Í þús.	Dreifing heildarlauna einstaklinga					
	Fjöldi	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Staðalfrávik
Blandaður búrekstur	111	327.954	234.000	300.000	392.000	164.780
Mjólkurframleiðsla	113	380.146	246.000	320.000	450.000	214.556
Sauðfjárrækt	288	362.800	219.000	318.500	450.000	196.951
Nautgripir	10	377.000	225.000	365.000	455.000	195.849
Hross	45	455.422	266.000	400.000	600.000	237.852
Annað	39	389.629	252.500	362.000	453.000	180.334

3.0 Búskapur og búskaparhættir


Í þessum kafla er fjallað um búskap og búskaparhætti svarenda á lögbýlum. Í langflestum tilvikum er stundaður einhverskonar búskapur á bújörðunum sem tengist landbúnaði eða í rúmlega 81% tilvika. Í sumum tilvikum er búskapurinn aðalstarf viðkomandi og jafnvel maka líka en í öðrum tilvikum er hann hlutastarf eða jafnvel það lítil að hann flokkist sem áhugabúmennska. Sjá⁵ má að það eru aðallega svarendur yngri en 30 ára og eldri en 50 ára, með enga búfræðimenntun og eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum sem ekki stunda neinn búskap á bújörðunum.

Kaflanum er skipt upp í fimm undirkafla; (1) búgrein, (2) umfang búrekstrar, (3) störf innan búsis, (4) atvinna með búrekstrinum og (5) framtíðarhorfur.

3.1 Búgrein

Í þessum hluta er fjallað um hvernig búskapur er stundaður á bújörðinni og nýtingu hlunninda ef þau eru til staðar.

Algengasta búgreinin sem stunduð er á bújörðunum er sauðfjárrækt en það eru 529 svarendur sem hafa kindur en fæstir stunda svínarækt eða loðdýrabúskap.



Mynd 3.1:1. Hvernig búskapur er stundaður á jörðinni?


⁵ Aldur: (Tau-c=,09; a=,002), búseta: (Tau-c=,08; a=,008), menntun 2: (Tau-c=,08; a=,000)

Í þessari greiningu er ekki gerður greinarmunur á því hvort viðkomandi stundi búskapinn sem aðalstarf eða sem aukastarf eða sé með nokkrar skepnur sér til ánægju og yndisauka.


Mjög margir svarendur hafa sitt lítið af hverju en auk þessara hefðbundnu búgreina nefndu sumir svarenda að þeir væru t.d. með endur, geitur, kanínur og hreindýr. Auk þess sem sumir nefna að þeir nýti vélar og tæki búsin í verktakastarfsemi og drýggja þannig tekjur sínar. Ýmis önnur starfsemi kemur fram í svörum einstaklinga eins og fiskeldi en einnig nefna þó nokkrir að þeir eigi reykkofa og taki að sér að reykja kjöt og fisk fyrir aðra.

Rúmlega helmingur svarenda hafa einhverskonar hlunnindi á bújörðum sínum. Dæmi um hlunnindi eru veiðiréttindi, æðarvarp, reki, vatnsréttindi, jarðhiti og útræði. Þessi hlunnindi eru misjafnlega nýtt en um 38% fullnýtir þau að öllu eða miklu leyti, 36% nýtir þau að hluta til og 26% nýtir hlunnindin lítið eða ekkert.


Helst má sjá að hærra hlutfall svarenda í yngsta og elsta aldurshópnum en svarendur í öðrum aldurshópum fullnýta hlunnindin að öllu eða miklu leyti en munurinn reyndist þó ekki marktækur. Greinilegt er að hjá meira en fjórðungi svarenda eru um vannýtt tækifæri að ræða hvað hlunnindi á bújörðunum snertir.




Mynd 3.1:2. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir kyni.




Mynd 3.1:3. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir aldri.



Mynd 3.1:4. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir búsetu.



Mynd 3.1:5. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir menntun.




Mynd 3.1:6. Hvernig er nýtingu hlunninda háttáð, greint eftir búfræðimenntun.

3.2 Umfang búskapar


Til þess að meta umfang búskaparins er horft til fjögurra spurninga; (1) Hvaða atvinnu stundar þú sem aðalstarf, (2) ef maki er til staðar, hvaða atvinnu stundar hann sem aðalstarf, (3) hvað eyðir þú að meðaltali mörgum klukkustundum á viku við búreksturinn og (4) eru tekjur búans nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni.

Í langflestum tilvikum er búskapurinn aðalstarf svaranda, maka hans eða jafnvel beggja eða í um 72% tilvika.

Tengsl⁶ eru milli kynferðis, búsetu, menntunar, búfræðimenntunar og búgreinar og þess hvort viðkomandi stundi búskapinn sem aðalstarf eða hlutastarf. Mun fleiri karlar en konur stunda búskapinn sem aðalstarf eða 35% karla á móti 15% kvenna. Búskapurinn er aðalstarf hlutfallslega fleiri svarenda og eða maka á Vestfjörðum en svarenda í öðrum landshlutum. Sjá má að svarendur á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum stunda búskapinn síst sem aðalstarf. Hvað menntun varðar má sjá að hjá hlutfallslega færri háskólamenntuðum svarendum en svarendum með aðra menntun er búskapurinn aðalstarf. Jafnframt má sjá að búskapurinn er aðalstarf hlutfallslega fleiri svarenda sem hafa farið í bændaskóla en þeirra sem ekki hafa slíka menntun.




Mynd 3.2:1. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir kyni.




Mynd 3.2:2. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir aldri.


⁶ Kyn: (Tau-c=,13; a=,000), búsetu: (Tau-c=,07; a=,010), menntun: (Tau-c=,08; a=,002), búfræðimenntun: (Tau-c=,09; a=,000), búgrein: (Tau-c=,07; a=,020)




Mynd 3.2:3. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir búsetu.



Mynd 3.2:4. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir menntun.



Mynd 3.2:5. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir bændaskólamenntun.



Mynd 3.2:6. Búskapur sem aðalstarf eða sem aukastarf, greint eftir búgrein.

Meðalvinnuvika svarenda við búreksturinn eru 43 stundir. Vinnuvika karla er nokkuð lengri en kvenna eða um 49 stundir á móti 36 stundum hjá konum. Vinnuvikan er mun lengri hjá svarendum yfir sumartímenn en vetrartímenn en þá er meðalvinnuvikna um 53 stundir á móti 38 stundum yfir vetrartímenn. Vinnuvika karla er að meðaltali 60 stundir yfir sumartímenn en 44 stundir yfir vetrartímenn. Vinnuvika kvenna er að meðaltali 46 stundir yfir sumartímenn en 33 stundir yfir vetrartímenn.

Sé eingöngu horft til þeirra sem stunda búskapinn sem aðalstarf má sjá að vinnuvika þeirra er að meðaltali 45 stundir, 52 stundir hjá körlum og 37 stundir hjá konum. Yfir sumartímenn er vinnuvikan um 55 stundir að meðaltali, mun lengri hjá körlum en konum eða 63 stundir á móti 47 stundum að meðaltali hjá konum. Vinnuvikan er þó nokkuð styttri yfir vetrartímenn en yfir sumartímenn. Karlar vinna að meðaltali 52 stundir á viku yfir vetrartímenn en konur um 37 stundir.

Vinnustundir við búreksturinn hjá þeim sem stunda hann sem aukastarf eða áhugabúskap eru að meðaltali um 22 stundir á viku eða sem nemur um hálfu starfi. Sjá má að vinnutími kvenna í búrekstrarstörfum sem aukastarf er nokkuð meiri en karla eða um 23 stundir á viku á móti um 22 stundum hjá körlum.

Tafla 3.2:1. Meðalvinnustundir við búreksturinn á viku, greint eftir kyni.

	Allir			Aðalstarf			Aukastarf		
	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
Meðaltal á viku	43	49	36	45	52	37	22	22	23
Meðaltal á viku að vetri	38	44	33	40	46	34	20	20	21
Meðaltal á viku að sumri	53	60	46	55	63	47	31	30	32

Vinnuvikan er lengst hjá mjólkurframleiðendum og þeim sem hafa blandaðan búrekstur (kýr og sauðfé) eða um 51 stund á viku. Karlar með mjólkurframleiðslu sem aðalstarf vinna að meðaltali 60 stundir á viku, 53 stundir yfir vetrartímenn og um 71 vinnustund að meðaltali á viku yfir sumartímenn. Vinnutíminn hjá konum er nokkuð lægri eða að meðaltali um 43 stundir á viku, 39 stundir yfir vetrartímenn og 50 stundir yfir sumartímenn.

Vinnuvika sauðfjárbænda er þó nokkuð styttri eða um 43 stundir að meðaltali, 39 stundir yfir vetrartímenn og 55 stundir yfir sumar-

tímann. Karlar í þeirri búgrein vinna að meðaltali um 49 stundir á viku, 43 stundir yfir vetrartímann og 61 stund yfir sumartímann. Konur í sauðfjárrækt vinna að meðaltali 37 stundir á viku, 34 yfir vetrartímann og 47 stundir yfir sumartímann.

Tafla 3.2:2. Meðalvinnustundir við búreksturinn á viku, greint eftir kyni og búgrein.

	Allir			Aðalstarf			Aukastarf		
	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
Blandaður búrekstur	50	58	41	51	59	42	24	27	23
Mjólkurframleiðsla	51	60	42	51	60	43	30	40	20
Sauðfjárrækt	41	45	35	43	49	37	20	20	19
Nautgripir	50	59	40	50	59	41	29	40	19
Hross	41	45	37	45	49	39	23	22	23

Tafla 3.2:3. Meðalvinnustundir við búreksturinn á viku yfir vetrartímann, greint eftir kyni og búgrein.

	Allir			Aðalstarf			Aukastarf		
	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
Blandaður búrekstur	47	55	39	47	55	39	28	-	28
Mjólkurframleiðsla	46	53	39	46	53	39	25	30	20
Sauðfjárrækt	37	40	33	39	43	34	19	21	13
Nautgripir	43	51	35	44	51	35	30	25	35
Hross	37	40	34	40	44	36	21	21	21

Tafla 3.2:4. Meðalvinnustundir við búreksturinn á viku yfir sumartímann, greint eftir kyni og búgrein.


	Allir			Aðalstarf			Auka		
	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
Blandaður búrekstur	60	69	52	60	69	51	100	-	100
Mjólkurframleiðsla	60	71	50	60	71	50	40	50	30
Sauðfjárrækt	53	58	45	55	61	47	25	29	18
Nautgripir	61	70	51	61	71	51	51	45	58
Hross	50	53	46	53	58	47	30	26	36

Vinnuframlag kvenna og karla á býlum er nokkuð mikið hvort sem um fullt starf er að ræða eða hlutastarf. Þrátt fyrir það þá telja einungis rétt rúmlega fjórðungur svarenda að tekjur búans séu nægjanlegar til þess að framfleyta fjölskyldunni og rúm 40% telja

þær ófullnægjandi. Konur⁷ eru mun neikvæðari en karlar og telja þær í meira mæli en þeir að tekjur búins séu ófullnægjandi.

Fram koma tengsl milli bændaskólamenntunar⁸ og þess hvort viðkomandi telji að tekjur búins séu nægjanlegar til þess að framfleyta fjölskyldunni. Svarendur sem ekki hafa farið í bændaskóla telja í mun meira mæli en aðrir svarendur að tekjur búins séu ekki nægjanlegar til þess að framfleyta fjölskyldunni.

Mikill munur er á svörum eftir helstu búgreinum⁹. Sjá má að svarendur með mjólkurframleiðslu virðast mun betur í stakk búnir til þess að lifa eingöngu af búrekstrinum en rúmlega helmingur mjólkurframleiðenda telur tekjur búins nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni og önnur 30% að þær séu nærri fullnægjandi. Hlutfallið er aðeins lægra hjá þeim sem eru með blandaðan búrekstur (mjólk og sauðfé). Um 43% þeirra telur tekjur búins nægjanlegar og 32% að þær séu nærri því nægjanlegar. Dæmið snýst algerlega við þegar sauðfjárþænder og hrossabænder eru skoðaðir en þá eru það mun fleiri sem svara því til að tekjur búins séu alls ekki nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni. Nærri 55% sauðfjárþænda og um 66% hrossabænda telja þær ófullnægjandi og 14% sauðfjárþænda og 8% hrossabænda til viðbótar telja þær nærri ófullnægjandi. Aðeins um 13% sauðfjárþænda og 14% hrossabænda telja tekjur búins fullnægjandi til að framfleyta fjölskyldunni.




Mynd 3.2:7. Eru tekjur búins nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir kyni.


⁷ (Tau-c=,09; α=,013)

⁸ (Tau-c=,12; α=,000)


⁹ (Tau-c=,32; α=,000)




Mynd 3.2:8. Eru tekjur búsin nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir aldri.




Mynd 3.2:9. Eru tekjur búsin nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir búsetu.



Mynd 3.2:10. Eru tekjur búsin nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir menntun.



Mynd 3.2:11. Eru tekjur búsin nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir bæddaskólamenntun.




Mynd 3.2:12. Eru tekjur búins nægjanlegar til að framfleyta fjölskyldunni, greint eftir helstu búgreinum

3.3 Störf innan búins

Í þessum hluta er fjallað um hvaða störf viðkomandi vinni helst á búinu. Fyrirfram voru gefnir upp sex valmöguleikar auk þess sem svarendum var gefinn kostur á eigin svari. Valmöguleikarnir voru; (1) Innan heimilis, (2) heyskapur, (3) hirðing skepna, (4) almenn bústörf (gengur í hvað sem er), (5) mjaltir, (6) fjármál og svo möguleikinn annað svar.

Greinilegt er að í flestum tilvikum sinna bæði konur og karlar störfum sem innna þarf á búunum. Hlutfallslega fleiri konur en karlar sinnir störfum innan heimilisins og mjöltum. Hins vegar er herra hlutfall karla en kvenna sem sinnir almennum bústörfum, hirðingu skepna, heyskap og fjármálum. Önnur störf sem nefnd voru eru vélaviðgerðir, þjálfun hrossa, trjárækt og sauðburður.



Mynd 3.3:1. Hvaða störf vinnur þú helst á búinu, greint eftir kyni.


3.4 Atvinna með búrekstri

Í þessum hluta er fjallað um hversu margir stunda aðra atvinnu með búrekstrinum og í hve miklum mæli. Jafnframt er skoðað hversu margir hafa áhuga á því að vinna utan búsinns og hvort aðstæður svarenda séu þannig að þeir geti það.

Rétt rúmlega helmingur svarenda stunda aðra atvinnu með búrekstrinum. Svo virðist sem aðeins fleiri konur en karlar vinni utan búsinns með búrekstrinum. Munurinn reyndist þó ekki marktækur en hins vegar kom fram marktækur munur eftir aldri¹⁰ þannig að svarendur á miðjum aldri stunda í meira mæli en yngstu og elstu svarendur aðra vinnu með búinu.

Svarendur með háskólamenntun¹¹ stunda í meira mæli aðra atvinnu með búinu heldur en svarendur með minni menntun. Jafnframt kemur í ljós að svarendur sem hafa ekki farið í bændaskóla¹² stunda í meira mæli aðra atvinnu með búinu en svarendur sem hafa búfræðimenntun.

Nautgriparæktendur¹³, sauðfjárræktendur og hrossaræktendur stunda aðra atvinnu með búinu í mun meira mæli en mjólkurframleiðendur hvort heldur sem þeir framleiða eingöngu mjólk eða eru líka með sauðfjárrækt.




Mynd 3.4:1. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir kyni.

¹⁰ (Tau-c=,11; α =,005)


¹¹ (Tau-c=,16; α =,000)

¹² (Tau-c=,11; α =,000)


¹³ (Tau-c=,38; α =,000)




Mynd 3.4:2. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir aldri.




Mynd 3.4:3. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir svæðum.



Mynd 3.4:4. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir menntun.



Mynd 3.4:5. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir búfræðimenntun.



Mynd 3.4:6. Stundar þú aðra atvinnu með búinu, greint eftir búgrein.


Mjög misjafnt er hversu mikla vinnu svarendur vinna meðfram búrekstrinum en hjá um 40% svarenda er um að ræða fullt starf og hálf starf hjá um 18% svarenda. Í öðrum tilvikum er um að ræða íhlaupavinnu eða árstíðabundna vinnu.

Fram koma tengsl milli kynferðis¹⁴, menntunar¹⁵ og búgreina¹⁶ og þess hversu mikla vinnu svarendur vinna með búinu. Konur vinna í mun meira mæli en karlar fullt starf eða hálf starf með búinu, þ.e. eru í fastri vinnu á meðan karlar eru frekar í íhlaupavinnu og árstíðarbundinni vinnu. Meiri menntun þýðir hærra hlutfall svarenda í fastri vinnu, aðallega fullu starfi með búrekstrinum en minni menntun þýðir hærra hlutfall þeirra sem eru í íhlaupavinnu og árstíðarbundinni vinnu. Svarendur sem hafa menntað sig til bændastarfa vinna í mun meira mæli en hinir tilfallandi vinna á meðan svarendur sem ekki fóru í bændaskóla eru í mun meira mæli í föstu starfi annars staðar með búinu. Þeir sem ekki stunda mjólkurframleiðslu eru í mun meira mæli en aðrir í föstu starfi með búrekstrinum, aðallega fullu starfi á meðan mun hærra hlutfall mjólkurframleiðenda fara í íhlaupavinnu eða árstíðarbundna vinnu með búinu.


¹⁴ (Tau-c=,26; α =,000)

¹⁵ Fjórflökkamenntun: (Tau-c=,26; α =,001), búfræðimenntun: (Tau-c=,11; α =,000)


¹⁶ (Tau-c=,18; α =,000)




Mynd 3.4:7. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir kyni.




Mynd 3.4:8. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir aldri.




Mynd 3.4:9. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir búsetu.



Mynd 3.4:10. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir menntun.




Mynd 3.4:11. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir búfræðimenntun.



Mynd 3.4:12. Hversu mikla vinnu stundar þú með búrekstrinum, greint eftir búgrein.

Makar svarenda stunda einnig vinnu með búrekstrinum í töluverðum mæli eða um 56% þeirra. Fram kemur marktækur munur á milli aldurs¹⁷, menntunar¹⁸ og búgreinar¹⁹ og þess hvort makar stundi aðra vinnu með búrekstrinum. Hærrí aldur þýðir í raun hlutfallslega færri sem eiga maka sem stunda vinnu með búrekstrinum. Svarendur með háskólamenntun eiga í meira mæli en aðrir svarendur maka sem stundar vinnu með búrekstrinum. Nautgriparæktendur, sauðfjárræktendur og hrossaræktendur eiga í meira mæli en aðrir maka sem stunda aðra vinnu með búrekstrinum.




Mynd 3.4:13. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir kyni.


¹⁷ (Tau-c=,11; α=,000)

¹⁸ (Tau-c=,07; α=,021)


¹⁹ (Tau-c=,20; α=,000)




Mynd 3.4:14. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir aldri.




Mynd 3.4:15. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir búsetu.



Mynd 3.4:16. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir menntun.



Mynd 3.4:17. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir búfræðiprófi.



Mynd 3.4:18. Stundar maki þinn aðra vinnu með búrekstrinum, greint eftir búgrein.

Um 46% svarenda eiga maka sem stunda fullt starf með búrekstrinum auk þess sem rúm 19% til viðbótar eiga maka í hálfu starfi auk búrekstrar.

Fram koma tengsl milli kynferðis²⁰, og búgreina²¹ og þess hversu mikla vinnu svarendur vinna með búinu. Makar kvenna vinna í mun meira mæli íhlaupavinnu og árstíðabundna vinnu en makar karla.


Þetta þýðir í raun að heilt yfir þá eru það konur á bændabýlum, þar sem stundaður er búskapur, sem fara frekar í fasta vinnu utan býlis en karlar og karlarnir fara frekar í íhlaupavinnu eða árstíðabundna vinnu.

Makar þeirra sem stunda aðra búgrein en mjólkurframleiðslu eru líklegri til þess að vera í fastri vinnu annars staðar en þeir sem eru í mjólkurframleiðslu eiga hlutfallslega fleiri maka sem stunda íhlaupavinnu eða árstíðabundna vinnu.


Þetta þýðir í raun að mjólkurframleiðendur og makar þeirra fara hlutfallslega fleiri í íhlaupavinnu og árstíðabundna vinnu en þeir sem stunda aðra búgrein. Svarendur og makar þeirra sem ekki stunda mjólkurframleiðslu fara í meira mæli í fasta vinnu með búrekstrinum, annað hvort í fullu starfi eða hálfu starfi, en mjólkurframleiðendur.

²⁰ (Tau-c=,13; α =,014)


²¹ (Tau-c=,12; α =,002)




Mynd 3.4:19. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir kyni.




Mynd 3.4:20. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir aldri.




Mynd 3.4:21. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir búsetu.



Mynd 3.4:22. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir menntun.



Mynd 3.4:23. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir búfræðimenntun.



Mynd 3.4:24. Hversu mikla vinnu stundar maki þinn með búrekstrinum, greint eftir búgrein.

Svarendur hafa almennt lítinn áhuga á því að vinna utan búsins. Um 56% svarenda svöruðu því til að þeir hefðu mjög eða frekar lítinn áhuga á því að vinna utan bús.

Tengsl koma fram milli kyns²², aldurs²³, búsetu²⁴, menntunar²⁵ og búgreina²⁶ og áhuga á því að vinna utan búsins. Um fjórðungur kvenna hefur áhuga á því að vinna utan búsins en aðeins um 13% karla. Jafnframt má sjá að hækkandi aldur þýðir hlutfallslega minni áhugi á því að vinna utan bús. Svarendur á Suðurlandi og Austurlandi hafa minni áhuga á því að vinna utan búsins en svarendur búsettir á öðrum svæðum á landinu. Aukin menntun hefur þau áhrif að hlutfallslega fleiri hafa áhuga á því að vinna utan bús og áhuginn er meiri hjá þeim sem ekki hafa farið í bændaskóla. Mjólkurframleiðendur hafa mun minni áhuga á því að vinna utan bús heldur en starfendur í öðrum búgreinum.


²²(Tau-c=,16; α=,000)

²³(Tau-c=,09; α=,001)


²⁴(Tau-c=,07; α=,008)

²⁵Fjórflokka menntun: (Tau-c=,11; α=,000), búfræðimenntun: (Tau-c=,13; α=,000)


²⁶(Tau-c=,15; α=,000)




Mynd 3.4:25. Hefur þú áhuga á að vinna utan bús, greint eftir kyni.




Mynd 3.4:26. Hefur þú áhuga á að vinna utan bús, greint eftir aldri.




Mynd 3.4:27. Hefur þú áhuga á að vinna utan bús, greint eftir búsetu.



Mynd 3.4:28. Hefur þú áhuga á að vinna utan bús, greint eftir menntun.



Mynd 3.4:29. Hefur þú áhuga á að vinna utan bús, greint eftir búfræðimenntun.



Mynd 3.4:30. Hefur þú áhuga á að vinna utan bús, greint eftir búgrein.

Aðstæður svarenda til þess að vinna utan búsins eru misjafnar. Tæp 53% svarenda búa við þær aðstæður að geta unnið utan búsins en hjá rúmum 47% svarenda eru aðstæður þannig að sá möguleiki er ekki fyrir hendi.

Tengsl koma fram milli kynferðis²⁷, aldurs²⁸, menntunar²⁹ og búgreina³⁰ og þess hvort aðstæður séu þannig að viðkomandi geti unnið utan búsins. Mun lægra hlutfall karla en kvenna telja aðstæður sínar vera þannig að þeir geti unnið utan búsins. Því hærra sem aldur svarenda er því hærra hlutfall telur aðstæður sínar vera þannig að þeir geti ekki unnið utan búsins. Svarendur með háskólapróf og þeir sem ekki hafa farið í bændaskóla telja í meira mæli en aðrir svarendur að aðstæður þeirra séu þannig að þeir geti unnið utan búsins. Aðstæður svarenda til þess að stunda vinnu utan búsins eru líka háðar því hvaða búgrein þeir tilheyra. Mjólkurframleiðendur telja í meira mæli en svarendur í öðrum búgreinum


²⁷ (Tau-c=,13; α=,000)

²⁸ (Tau-c=,10; α=,001)


²⁹ Fjórflokka menntun: (Tau-c=,13; α=,000), búfræðimenntun: (Tau-c=,06; α=,008)

³⁰ (Tau-c=,21; α=,000)


að þeirra aðstæður séu þannig að þeir geti ekki unnið utan búsin. En þó má sjá að hjá um þriðjungmi mjólkurframleiðenda eru aðstæður þannig að þeir geta unnið utan búsin.




Mynd 3.4:31. *Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bú, greint eftir kyni.*




Mynd 3.4:32. *Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bú, greint eftir aldri.*




Mynd 3.4:33. *Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bú, greint eftir búsetu.*



Mynd 3.4:34. Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bús, greint eftir menntun.




Mynd 3.4:35. Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bús, greint eftir búfræðimenntun.



Mynd 3.4:36. Eru aðstæður þannig að þú getir unnið utan bús, greint eftir búgrein.

Helsta ástæða þess að viðkomandi telur sig ekki geta unnið utan búsins eru annir við bústörfin eða hjá rúmlega 54% þeirra sem eiga ekki heimangengt. Einnig eru þó nokkrir sem komast ekki vegna anna við heimilið eða annarra fjölskylduástæðna. Hvað aðrar ástæður varðar þá nefndu flestir þar að það væri af heilsufarsástæðum eða elli.



Mynd 3.4:37. Hvers vegna áttu ekki heimangengt?

3.5 Framtíðarhorfur búrekstrar


Í þessum hluta er fjallað um framtíðarhorfur í búskapnum. Byrjað er á því að skoða aðgengi kynjanna að lánsfé og sjóðum til rekstrar og uppbyggingar í landbúnaði. Síðan er skoðað hvernig svarendur sjá fyrir sér framtíð búrekstursins, þ.e. hvort hann komi til með að verða í óbreyttri mynd eða ekki og því hvort börnin komi til með að taka við búinu og líkurnar á því að bújörðin fari í eyði.

Að mati meirihluta svarenda hafa konur og karlar almennt jafnan aðgang að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði eða um 71% svarenda.. Þeir sem töldu halla á annað kynið sögðu nær allir að karlar hefðu betri aðgang en konur. Greina mátti mun á afstöðu karla³¹ og kvenna til þessa en konur töldu í meira mæli en karlar að karlar hefðu betri aðgang að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði. Jafnframt mátti sjá mun á svörum eftir aldri³² svarenda þannig að hærri aldur þýddi hærra hlutfall sem taldi karla hafa betri aðgang. Menntun³³ hefur líka áhrif á skoðun svarenda þannig að þeir sem ekki hafa farið í bændaskóla telja í meira mæli en hinir að karlar hafi betri aðgang að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði.


³¹ (Tau-c=,08; α=,008)

³² (Tau-c=,08; α=,004)


³³ (Tau-c=,07; α=,001)




Mynd 3.5:1. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir kyni.




Mynd 3.5:2. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir aldri.



Mynd 3.5:3. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir búsetu.



Mynd 3.5:4. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir menntun.




Mynd 3.5:5. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að lánsfé til atvinnurekstrar í landbúnaði, greint eftir búfræðimenntun.

Flestir svarendur töldu að karlar og konur hefðu jafnan aðgang að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði eða um 70% svarenda. Þeir voru mun fleiri svarendur sem töldu að karlar hefðu betri aðgang að slíkum sjóðum heldur en þeir sem töldu að konur hefðu betri aðgang.


Greina mátti mun á svörum eftir kynferði³⁴ þannig að karlar töldu í mun meira mæli en konur að bæði kynin hefðu jafnan aðgang að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði en konur töldu í mun meira mæli en karlar að karlar hefðu betri aðgengi að slíkum sjóðum en konur. Menntun³⁵ hefur einnig áhrif á svör þannig að mun hærra hlutfall svarenda með iðnmenntun, starfsnám eða stúdentspróf en aðra menntun telur kynin hafa jafnan aðgang að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði. Það sama er að segja um þá sem hafa farið í bændaskóla.

³⁴ (Tau-c=,12; a=,000)


³⁵ Fjórflokka menntun: (Tau-c=,06; a=,035), búfræðimenntun: (Tau-c=,09; a=,000)




Mynd 3.5:6. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir kyni.




Mynd 3.5:7. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir aldri.



Mynd 3.5:8. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir búsetu.




Mynd 3.5:9. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir menntun.




Mynd 3.5:10. Hvað lýsir best aðgengi kynjanna að sjóðum sem veita styrki til atvinnuuppbyggingar í landbúnaði, greint eftir búfræðimenntun.


Hlutfallslega flestir svarendur telja að um óbreyttan búrekstur verði að ræða í framtíðinni eða um 47% svarenda. Rétt um 31% telur að búið komi til með að stækka í framtíðinni. Aðallega eru það mjólkurframleiðendur 50 ára og yngri sem telja að búið komi til með að stækka í framtíðinni. Um 10% svarenda sér fyrir sér að hætta búrekstri í framtíðinni en það eru aðallega svarendur sem eru eldri en 50 ára.




Mynd 3.5:11. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir kyni.




Mynd 3.5:12. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir aldri.




Mynd 3.5:13. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir búsetu.



Mynd 3.5:14. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir menntun.




Mynd 3.5:15. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir búfræðimenntun.




Mynd 3.5:16. Hvernig telur þú að framtíð búrekstursins verði, greint eftir búgrein.


Í um 40% tilvika telja svarendur að börnin komi til með að taka við búinu og halda áfram búrekstri á bújörðinni. Sjá má að svarendur í yngri kantinum eru mun bjartsýnni á það heldur en eldri svarendur þó munurinn hafi ekki reynst marktækur.




Mynd 3.5:17. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir kyni.




Mynd 3.5:18. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir aldri.




Mynd 3.5:19. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir búsetu.



Mynd 3.5:20. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir menntun.




Mynd 3.5:21. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir búfræðimenntun.




Mynd 3.5:22. Telur þú að börn þín komi til með að taka við af þér/ykkur og halda áfram búskap á bújörðinni þegar að því kemur, greint eftir búgrein.

Svarendur hafa litla trú á því að bújörðin fari í eyði í framtíðinni en um 66% svarenda telur það mjög ólíklegt og fjórðungur til viðbótar frekar ólíkleg. Segja má að hækkandi aldur³⁶ þýði í raun lægra hlutfall sem telur það mjög ólíklegt ef frá er talinn yngsti aldurshópurinn. Svarendur á Vesturlandi³⁷ og Vestfjörðum sem og svarendur með grunnskólapróf³⁸ telja í meira mæli en aðrir svarendur að bújörðin fari í eyði í framtíðinni.



Mynd 3.5:23. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir kyni.




Mynd 3.5:24. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir aldri.


³⁶ (Tau-c=,08; α=,015)

³⁷ (Tau-c=,09; α=,006)


³⁸ (Tau-c=,11; α=,001)




Mynd 3.5:25. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir búsetu.



Mynd 3.5:26. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir menntun.



Mynd 3.5:27. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir búfræðimenntun.



Mynd 3.5:28. Er hugsanlegt að bújörðin leggist í eyði, greint eftir búgrein.

4.0 Eignarhald bújarðanna

Í þessum kafla er fjallað um eignarhald bújarðanna. Kaflanum er skipt upp í þrjá undirkafla; (1) Ábúendatími, (2) skráður eigandi og (3) rekstrarform búsin.

4.1 Ábúendatími

Svarendur hafa að meðaltali búið í 30 ár á þeim stað sem þeir búa núna og helmingur þeirra hefur búið þar í tæp 28 ár eða lengur og helmingurinn styttra. Karlar hafa almennt búið mun lengur á bújörðunum en konur eða að meðaltali í rúm 36 ár en konur að meðaltali í rúm 24 ár.

Svarendur hafa að meðaltali stundað búrekstur á bújörðinni í 22 ár og helmingur þeirra hefur stundað búrekstur þar í 21 ár eða lengur og helmingurinn styttra. Karlar hafa stundað búrekstur mun lengur en konur eða að meðaltali í 25 ár en konur að meðaltali í 19 ár.


Tafla 4.1:1. Meðal árafjöldi í ábúð og með rekstur, greint eftir kyni og búgrein.

	Ábúendatími			Stundað búrekstur		
	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
Blandaður búrekstur	35	42	29	24	27	21
Mjólkurframleiðsla	31	40	24	20	24	17
Sauðfjárrækt	32	40	25	23	27	19
Nautgripir	27	41	23	14	15	14
Hross	21	20	22	18	17	18
Annað	27	31	22	21	22	18


Tafla 4.1:2. Meðal árafjöldi í ábúð og með rekstur, greint eftir kyni og búgrein.

	Ábúendatími			Stundað búrekstur		
	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes	28	30	27	21	18	26
Vesturland	32	37	27	23	28	19
Vestfirðir	31	42	25	23	25	21
Norðurland vestra	30	38	23	21	25	18
Norðurland eystra	30	36	24	22	24	20
Austurland	32	40	24	22	26	19
Suðurland	28	34	24	21	24	19

Misjafnar ástæður eru fyrir því að svarendur hófu búskap á bújörðinni en algengast er þó að þeir hafi alist þar upp og tekið við búskapnum af foreldrum eða uppalendum. Tengsl³⁹ eru milli kynferðis og aldurs og þess hvers vegna viðkomandi fór að stunda búskap á bújörðinni. Mun hærra hlutfall karla en kvenna ólst upp á bújörðinni og fer af þeim ástæðum að stunda þar búskap. Greinilegt er að algengara er að bújörðin gangi frekar til sona en dætra. Þó virðist sem það hafi breyst á síðustu árum. Tilhneigingin er sú að eftir því sem svarendur eru yngri því hærra hlutfall svarar því til að það liggi aðrar ástæður að baki því að þeir hófu búskap á bújörðinni en þær að viðkomandi eða maki hans hafi alist þar upp. Helst má þar nefna brennandi áhuga á að stunda búskap annað hvort hjá svaranda og eða maka hans og því að eiga heima í dreifbýli.




Mynd 4.1:1. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir kyni.




Mynd 4.1:2. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir aldri.


³⁹ Kyn: (Tau-c=,25; α=,000), aldur: (Tau-c=,13; α=,000)




Mynd 4.1:3. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir búsetu.



Mynd 4.1:4. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir menntun.



Mynd 4.1:5. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir búfræðiprófi.




Mynd 4.1:6. Hvað kom til að þú fórst að stunda búskap á bújörðinni, greint eftir búgrein.

4.2 Skráður eigandi


Í þessum hluta er fjallað um hver sé skráður fyrir búrekstrinum, hvort það er svarandi, maki hans, þau bæði, foreldrar eða einhverjir aðrir og þá hverjir.

Algengast er að það sé svarandi sem er skráður fyrir búrekstrinum eða í tæpu 41% tilvika. Hjá tæpum 30% eru bæði svarandi og maki skráðir fyrir búrekstrinum og í tæpum 22% tilvika er það eingöngu makinn sem er skráður fyrir honum. Í þó nokkrum tilvikum eru það aðrir en svarandi, maki hans eða foreldrar (tengdaforeldrar) sem eru skráðir fyrir búrekstrinum og má þar helst nefna barn eða börn viðkomandi (32 tilvik) eða systkini (27 tilvik). Í 16 tilvikum er búreksturinn skráður í eigu hlutfélags.

Tengsl⁴⁰ eru milli kynferðis og aldurs og þess hver skráður er fyrir búrekstrinum. Mun algengara er að karlar séu eingöngu skráðir fyrir búrekstrinum en konur. Aldur spilar hér stórt hlutverk en sjá má að hærri aldur þýðir herra hlutfall þar sem eingöngu karlinn er skráður fyrir búrekstrinum. Hjá yngra fólkinu er algengara að bæði hjónin séu skráð fyrir búrekstrinum.




Mynd 4.2:1. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir kyni.




Mynd 4.2:2. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir aldri.


⁴⁰ Kyn: (Tau-c=,26; α=,000), aldur: (Tau-c=,07; α=,005)




Mynd 4.2:3. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir búsetu.



Mynd 4.2:4. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir menntun.



Mynd 4.2:5. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir búfræðimenntun.




Mynd 4.2:6. Hver er skráður fyrir búrekstrinum, greint eftir búgrein.


4.3 Rekstrarform

Í þessum hluta er fjallað um rekstrarform búsins, hvort það er einstaklingsbú, félagsbú, einkahlutafélag eða hlutafélag.

Í langflestum tilvikum er búið rekið sem einstaklingsbú eða í 81% tilvika. Í 10% tilvika er búið rekið sem einkahlutafélag og í 8% tilvika er um að ræða félagsbú. Tengsl koma fram milli kynferðis⁴¹ og rekstrarforms búsins sem felast aðallega í því að hlutfallslega fleiri konur en karlar svara því til að um einstaklingsbú sé að ræða og karlar svara í meira mæli en konur að búið sé rekið sem félagsbú.




Mynd 4.3:1. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir kyni.




Mynd 4.3:2. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir aldri.


⁴¹ (Tau-c=,05; α=,045)




Mynd 4.3:3. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir búsetu.



Mynd 4.3:4. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir menntun.



Mynd 4.3:5. Hvernig er rekstrarform búsins, greint eftir búfræðimenntun.



Mynd 4.3:6. Hvert er rekstrarform búsins, greint eftir búgrein.


5.0 Félagsleg færni svarenda

Í þessum kafla er fjallað um félagslega færni einstaklinga. Kaflinn skiptist í fjóra undirkafla; (1) Þátttaka í félags- og sveitarstjórnarmálum, (2) starfstengd námskeið, (3) samskipti við vini og (4) samskipti við ættingja.

5.1 Þátttaka í félags- og sveitarstjórnarmálum

Í þessum hluta er fjallað um þátttöku í félags- og sveitarstjórnarmálum. Byrjað er á því að skoða hvort viðkomandi sé virkur félagi eða þátttakandi í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi og taki virkan þátt í sveitarstjórnarmálum. Síðan er skoðað hversu virkan þátt viðkomandi tekur í félagsstörfum tengdum landbúnaði og hvort hann telji virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega.


Misjafnt er hversu virkir félagar eða þátttakendur svarendur eru í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi en þó telur meirihluti svarenda sig vera virka féлага eða þátttakendur í slíku starfi. Konur virðast vera aðeins virkari í slíku starfi en karlar en munurinn er þó ekki marktækur. Hins vegar kemur í ljós marktækur munur eftir aldri⁴². Svarendur á aldrinum 31-40 ára eru virkustu félagarnir eða þátttakendurnir í félags- íþrótt- eða tómstundastarfi en segja má að því eldri sem svarendur eru því óvirkari eru þeir í slíku. Athygli vekur þó að tæp 37% svarenda 61 árs og eldri eru virkir félagar eða þátttakendur í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi. Menntun⁴³ hefur einnig áhrif á virkni svarenda í slíkum félögum þannig að meiri menntun þýðir í raun meiri virkni, þ.e. hærra hlutfall svarenda sem eru virkir í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi.




Mynd 5.1:1. Ert þú virkur félagi/þátttakandi í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi, greint eftir kyni.

⁴² (Tau-c=,21; α =,000)


⁴³ (Tau-c=,17; α =,000)



Mynd 5.1:2. Ert þú virkur félagi/þátttakandi í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi, greint eftir aldri.



Mynd 5.1:3. Ert þú virkur félagi/þátttakandi í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi, greint eftir búsetu.




Mynd 5.1:4. Ert þú virkur félagi/þátttakandi í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi, greint eftir menntun.


Mun minni þátttaka er meðal svarenda í sveitarstjórnarmálum en félags-, íþrótt- eða tómstundamálum. Rúmlega fimmtungur svarenda tekur virkan þátt í sveitarstjórnarmálum. Fram kemur marktækur⁴⁴ munur milli karla og kvenna þannig að mun hærra

⁴⁴ (Tau-c=,06; α=,032)


hlutfall karla en kvenna tekur virkan þátt í sveitarstjórnarmálum. Athygli vekur að svarendur í yngsta aldurshópnum virðist taka virkastan þátt í sveitarstjórnarmálum af öllum aldurshópnum. Jafnframt vekur athygli hversu fáir svarendur búsettir á Vestfjörðum eru virkir þátttakendur í sveitarstjórnarmálum. Svarendur með meiri menntun⁴⁵ eru virkari þátttakendur í sveitarstjórnarmálum en svarendur með minni menntun.



Mynd 5.1:5. Tekur þú virkan þátt í sveitarstjórnarmálum, greint eftir kyni.




Mynd 5.1:6. Tekur þú virkan þátt í sveitarstjórnarmálum, greint eftir aldri.




Mynd 5.1:7. Tekur þú virkan þátt í sveitarstjórnarmálum, greint eftir búsetu.

⁴⁵ (Tau-c=,12; α=,000)




Mynd 5.1:8. Tekur þú virkan þátt í sveitarstjórnarmálum, greint eftir menntun.

Tæplega 65% svarenda tekur virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði. Karlar eru mun virkari⁴⁶ en konur á þeim vettvangi því tæp 78% karla taka virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði en aðeins 52% kvenna.




Mynd 5.1:9. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir kyni.




Mynd 5.1:10. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir aldri.


⁴⁶ (Tau-c=,26; α=,000)



Mynd 5.1:11. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir búsetu.




Mynd 5.1:12. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir menntun.



Mynd 5.1:13. Tekur þú virkan þátt í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir búfræðiprófi.


Misjafnt er hvernig einstaklingar skilgreina hvað er að vera virkur þátttakandi í félagsstarfi og hvað ekki. Við nánari skoðun kemur í ljós að um fimmtungur þeirra sem telja sig vera virka þátttakendur í félagsstarfi tengdum landbúnaði eru einungis skráðir í félagið en taka í raun ekki neinn þátt í starfinu sjálfu. Marktækur⁴⁷ munur kemur fram milli karla og kvenna og þess hversu virkan þátt þau taka í starfinu en mun fleiri karlar en konur sitja í stjórnnum eða nefndum eða sinna trúnaðarstörfum í félögum sínum.

⁴⁷ (Tau-c=,17; α=,000)




Mynd 5.1:14. Hversu virkan þátt tekur þú í félagsstörfum tengdum landbúnaði, greint eftir kyni.

Þriðjungur svarenda er sammála því að virkni kvenna í félagsstörfum tengdum landbúnaði er ekki nægjanleg. Nokkuð fleiri karlar en konur telja hana vera nægjanlega þó munurinn hafi ekki reynst marktækur. Hins vegar koma fram marktæk áhrif eftir búsetu⁴⁸. Svarendur á Norðurlandi eystra, Austurlandi og Vestfjörðum telja í meira mæli en svarendur á öðrum svæðum að virkni kvenna sé ekki nægjanleg í slíkum félögum. Athygli vekur hversu margir svarendur á Suðurlandi telja virkin kvenna í slíkum félögum nægjanlega.




Mynd 5.1:15. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir kyni.




Mynd 5.1:16. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir aldri.


⁴⁸ (Tau-c=,09; α=,009)



Mynd 5.1:17. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir búsetu.




Mynd 5.1:18. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir menntun.



Mynd 5.1:19. Telur þú virkni kvenna í slíkum félögum nægjanlega, greint eftir búfræðimenntun.

Þegar kemur að því að meta hvers vegna virkni kvenna í félagsstörfum tengdum landbúnaði er ekki nægjanleg kenna langflestir áhugaleysi kvenna þar um. Einnig eru nokkuð margir sem tala um að þetta sé karlasamfélag og þar sé sterk hefð fyrir þátttöku karla sem ekki sé vert að hrófla við. Þar liggur kannski ástæðan fyrir því að þær mæti síður á fundi og hafi sig ekki eins í frammi og karlar og fái síður tækifæri. Einnig geta aðrar ástæður legið þar að baki eins og að þær eigi síður heimangengt en karlar og hafi ekki eins mikið sjálfstraust og telji sig ekki hafa eins mikið til málanna að leggja og þeir.




Mynd 5.1:20. Hvers vegna er virkni kvenna ekki nægjanleg?


5.2 Starfstengd námskeið

Í þessum hluta er fjallað um hvort æskilegt sé að bjóða upp á starfstengd námskeið í byggðarlaginu og þá hvernig námskeið. Einnig er skoðað hversu margir hafa áhuga á því að sækja slík námskeið og hvað væri því til fyrirstöðu.


Mikill áhugi virðist vera meðal svarenda á starfstengdum námskeiðum því yfir 93% töldu að æskilegt væri að bjóða upp á starfstengd námskeið í byggðarlaginu.




Mynd 5.2:1. Telur þú æskilegt að bjóða upp á starfstengd námskeið í þínu byggðarlagi, greint eftir kyni.



Mynd 5.2:2. Telur þú æskilegt að bjóða upp á starfstengd námskeið í þínu byggðarlagi, greint eftir aldri.




Mynd 5.2:3. Telur þú æskilegt að bjóða upp á starfstengd námskeið í þínu byggðarlagi, greint eftir búsetu.




Mynd 5.2:4. Telur þú æskilegt að bjóða upp á starfstengd námskeið í þínu byggðarlagi, greint eftir menntun.

Segja má að svarendur hafi sýnt áhuga á nær öllum þeim námskeiðum sem spurt var um. Mestur er þó áhuginn á tölvunámskeiðum en einnig voru margir sem merktu við námskeið varðandi búrekstur og fagnámskeið búgreina.




Mynd 5.2:5. Hvernig námskeið helst?


Í langflestum tilvikum myndi viðkomandi sækja slík námskeið ef þau væru í boði. Um 80% svarenda svarar því játandi. Sjá má að svarendur í elsta aldursflokknum eru ekki eins bjartsýnir og aðrir svarendur á að þeir myndu sækja slík námskeið en þó er það meira en helmingur þeirra, 61 árs og eldri, sem svara játandi.




Mynd 5.2:6. Myndir þú sækja slíkt námskeið, greint eftir kyni.



Mynd 5.2:7. Myndir þú sækja slíkt námskeið, greint eftir aldri.




Mynd 5.2:8. Myndir þú sækja slíkt námskeið, greint eftir búsetu.



Mynd 5.2:9. Myndir þú sækja slíkt námskeið, greint eftir menntun.

Ástæða þess að viðkomandi telur sig ekki koma til með að sækja slík námskeið er aðallega vegna anna í vinnu eða áhugaleysi.




Mynd 5.2:10. Hvers vegna myndir þú ekki sækja slík námskeið?


5.3 Samskipti við vini og nánustu ættingja

Í þessum hluta er fjallað um samskipti við vini og nánustu ættingja. Byrjað er að því að fjalla um samskipti við vini, hversu margir af þeim búa á sama svæði, hversu oft viðkomandi hitti þá og hvort þeir myndu vilja hafa meiri eða minni samskipti við þá. Síðan er fjallað á sama hátt um ættingja viðkomandi, þ.e. nánustu ættingja, systkini, foreldra og/eða uppkomin börn.

Um helmingur svarenda býr á sama svæði og nokkrir af þeirra nánustu vinum auk þess sem um 30% til viðbótar býr á sama svæði og flestir vinir þeirra. Fram koma tengsl eftir kynferði⁴⁹ og virðist sem hlutfallslega fleiri konur en karlar eigi færri vini sem eru búsettir eru á sama svæði og þær. Einnig kemur í ljós að svarendur með háskólapróf eiga í meira mæli en svarendur með aðra menntun nær enga eða enga vini á sama svæði.




Mynd 5.3:1. Hversu margir af þínum nánustu vinum búa á sama svæði og þú, greint eftir kyni.




Mynd 5.3:2. Hversu margir af þínum nánustu vinum búa á sama svæði og þú, greint eftir aldri.

⁴⁹ (Tau-c=,12; α=,000)




Mynd 5.3:3. Hversu margir af þínum nánustu vinum búa á sama svæði og þú, greint eftir búsetu.




Mynd 5.3:4. Hversu margir af þínum nánustu vinum búa á sama svæði og þú, greint eftir menntun.


Rétt innan við fjórðungur svarenda hittir sína nánustu vini sjaldnar en mánaðarlega en flestir hitta þá þó að minnsta kosti vikulega. Greina má lítinn mun hvort sem um er að ræða karla eða konur en þó má sjá að svarendur í aldurshópnum 31-40 eru duglegri en svarendur í öðrum aldurshópnum að hitta sína nánustu vini.




Mynd 5.3:5. Hversu oft hittir þú nánustu vini þína, greint eftir kyni.



Mynd 5.3:6. Hversu oft hittir þú nánustu vini þína, greint eftir aldri.



Mynd 5.3:7. Hversu oft hittir þú nánustu vini þína, greint eftir búsetu.




Mynd 5.3:8. Hversu oft hittir þú nánustu vini þína, greint eftir menntun.


Svarendur eru flestir sammála því að þeir vilji hafa meiri samskipti við sína nánustu vini í framtíðinni en þó vill um þriðjungur svarenda hvorki hafa meiri né minni samskipti við þá. Fram kemur marktækur⁵⁰ munur á svörum eftir kynferði þannig að konur vilja í mun meira mæli en karlar hafa meiri samskipti við sína nánustu vini í framtíðinni og það eru einungis karlar sem svara því til að þeir vilji

⁵⁰ (Tau-c=,11; α=,001)


hafa minni samskipti við þá í framtíðinni. Einnig kemur fram marktækur munur eftir aldri⁵¹ þannig að eftir því sem svarendur eru yngri þeim mun meiri samskipti vilja þeir hafa við sína nánustu vini í framtíðinni.



Mynd 5.3:9. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu vini í framtíðinni en þú hefur gert til þessa, greint eftir kyni.




Mynd 5.3:10. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu vini í framtíðinni en þú hefur gert til þessa, greint eftir aldri.




Mynd 5.3:11. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu vini í framtíðinni en þú hefur gert til þessa, greint eftir búsetu.

⁵¹ (Tau-c=,08; α=,001)



Mynd 5.3:12. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu vini í framtíðinni en þú hefur gert til þessa, greint eftir menntun.

Meira en þriðjungur svarenda býr ekki á sama svæði og þeirra nánustu ættingjar, systkini, foreldrar eða uppkomin börn en aðrir eiga þó flestir einhverja að á sama svæði. Marktæk tengsl koma fram eftir kynferði⁵² og eiga konur í mun minna mæli en karlar nána aðstandendur á sama svæði. Einnig kemur í ljós að svarendur búsettir⁵³ á Vestfjörðum og Vesturlandi eiga í mun meira mæli en svarendur á öðrum svæðum nánast enga nána aðstandendur á sama svæði og þeir búa. Svarendur með háskólamenntun⁵⁴ eiga í meira mæli en aðrir svarendur nær enga eða enga nána aðstandendur á sama svæði.




Mynd 5.3:13. Hversu margir af þínum nánustu ættingjum, systkini, foreldrar, uppkomin börn, búa á sama svæði og þú, greint eftir kyni.


⁵² (Tau-c=,10; α=,002)

⁵³ (Tau-c=,12; α=,000)


⁵⁴ (Tau-c=,08; α=,008)



Mynd 5.3:14. Hversu margir af þínum nánustu ættingjum, systkini, foreldrar, uppkomin börn, búa á sama svæði og þú, greint eftir aldri.




Mynd 5.3:15. Hversu margir af þínum nánustu ættingjum, systkini, foreldrar, uppkomin börn, búa á sama svæði og þú, greint eftir búsetu.




Mynd 5.3:16. Hversu margir af þínum nánustu ættingjum, systkini, foreldrar, uppkomin börn, búa á sama svæði og þú, greint eftir menntun.


Rétt innan við helmingur svarenda hittir sína nánustu ættingja a.m.k. vikulega eða oftar. Um fjórðungur svarenda hittir sína nánustu ættingja sjaldnar en mánaðarlega. Það virðist vera svo að konur hitti sína nánustu ættingja mun sjaldnar en karlar þó kynjamunurinn hafi ekki reynst marktækur.




Mynd 5.3:17. Hversu oft hittir þú nánustu ættingja þína, greint eftir kyni.



Mynd 5.3:18. Hversu oft hittir þú nánustu ættingja þína, greint eftir aldri.




Mynd 5.3:19. Hversu oft hittir þú nánustu ættingja þína, greint eftir búsetu.




Mynd 5.3:20. Hversu oft hittir þú nánustu ættingja þína, greint eftir menntun.

Svarendur eru flestir sammála því að þeir vilji hafa meiri samskipti við sína nánustu ættingja í framtíðinni en þó vill tæpur þriðjungur svarenda hvorki hafa meiri né minni samskipti við þá. Fram kemur marktækur munur á svörum eftir kynferði⁵⁵ þannig að konur vilja í mun meira mæli en karlar hafa meiri samskipti við sína nánustu ættingja í framtíðinni.




Mynd 5.3:21. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu ættingja í framtíðinni, greint eftir kyni.




Mynd 5.3:22. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu ættingja í framtíðinni, greint eftir aldri.

⁵⁵ (Tau-c=,15; a=,000)



Mynd 5.3:23. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu ættingja í framtíðinni, greint eftir búsetu.




Mynd 5.3:24. Myndir þú vilja hafa meiri eða minni samskipti við þína nánustu ættingja í framtíðinni, greint eftir menntun

6.0 Tölvufærni og netnotkun


Í þessum kafla er fjallað um tölvufærni og netnotkun svarenda. Kaflinn skiptist upp í tvo hluta, annars vegar tölvufærni og hins vegar netnotkun.

6.1 Tölvufærni

Í þessum hluta er fjallað um færni svarenda á tölvur. Almennt séð telja svarendur að þeir hafi þökkalega færni í að nota tölvur. Það er meira en helmingur svarenda sem telur sig hafa í meðallagi færni í að nota tölvur eða meiri færni en það. Marktækur⁵⁶ munur er á svörum fólks eftir kynferði og aldri og þess hversu mikla tölvufærni þeir segjast hafa. Konur telja sig hafa mun meiri færni í að nota tölvur en karlar og eftir því sem um er að ræða yngri svarendur þeim mun meiri tölvufærni telja þeir sig hafa. Einnig má sjá að meiri menntun⁵⁷ þýðir í raun meiri færni í að nota tölvur.




Mynd 6.1:1. Hvort myndir þú segja að þú hafir mikla eða litla færni í að nota tölvur, greint eftir kyni.




Mynd 6.1:2. Hvort myndir þú segja að þú hafir mikla eða litla færni í að nota tölvur, greint eftir aldri.

⁵⁶Kyn: (Tau-c=,24; a=,000), aldur: (Tau-c=,32; a=,000)

⁵⁷ (Tau-c=,37; a=,000)



Mynd 6.1:3. Hvort myndir þú segja að þú hafir mikla eða litla færni í að nota tölvur, greint eftir búsetu.



Mynd 6.1:4. Hvort myndir þú segja að þú hafir mikla eða litla færni í að nota tölvur, greint eftir menntun.


6.2 Netnotkun

Í þessum hluta er fjallað um netnotkun svarenda. Byrjað er á því að skoða hversu margir hafa aðgang að tölvu með nettengingu. Síðan er skoðað hversu oft viðkomandi tengist netinu og hvort ákveðnir þættir séu mikil eða lítil hindrun í því að tengjast netinu oftast. Þessir þættir sem um ræðir eru: kunnáttuleysi, kostnaður og gæði tengingar. Jafnframt gátu svarendur nefnt fleiri þætti ef þeir vildu.


Langflestir svarendur hafa aðgang að tölvu með nettengingu eða rúmlega 90%. Sjá mátti lítinn mun eftir kynferði en hins vegar koma fram tengsl eftir aldri⁵⁸ þannig að hærri aldur þýðir herra hlutfall sem hefur ekki aðgang að tölvu með nettengingu. Sama er að segja varðandi menntun⁵⁹, minni menntun þýðir herra hlutfall sem ekki er með aðgengi að tölvu með nettengingu.

⁵⁸ (Tau-c=,16; α=,000)


⁵⁹ (Tau-c=,12; α=,000)




Mynd 6.2:1. Hefur þú aðgang að tölvu með nettengingu, greint eftir kyni.



Mynd 6.2:2. Hefur þú aðgang að tölvu með nettengingu, greint eftir aldri.




Mynd 6.2:3. Hefur þú aðgang að tölvu með nettengingu, greint eftir búsetu.




Mynd 6.2:4. Hefur þú aðgang að tölvu með nettengingu, greint eftir menntun.

Langflestir hafa svarendur aðgengi að nettengingu á heimili sínu eða 718 einstaklingar og auk þess hafa 146 til viðbótar aðgengi að netinu á vinnustað sínum, þ.e. í vinnu eða skóla.




Mynd 6.2:5. Hvar hefur þú aðgang að nettengingu?

Í flestum tilvikum tengjast svarendur netinu oft á dag eða um þriðjungur svarenda. Yfir 70% svarenda tengjast internetinu vikulega eða oftar. Fram kemur marktækur⁶⁰ munur á svörum fólks eftir kynferði, aldri og menntun og tíðni notkunar á netinu. Konur tengjast netinu mun oftar en karlar og í mun meira mæli. Einnig má sjá að yngri svarendur tengjast netinu mun oftar en þeir eldri. Hvað menntun varðar þá þýðir meiri menntun meiri notkun á netinu.




Mynd 6.2:6. Hversu oft notar þú netið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang, greint eftir kyni.




Mynd 6.2:7. Hversu oft notar þú netið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang, greint eftir aldri.

⁶⁰ Kyn: (Tau-c=,20; α=,000), aldur: (Tau-c=,28; α=,000), Menntun: (Tau-c=,30; α=,000)




Mynd 6.2:8. Hversu oft notar þú netið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang, greint eftir búsetu.



Mynd 6.2:9. Hversu oft notar þú netið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang, greint eftir menntun.


Segja má að gæði tengingar sé stærsta hindrunin í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann hefur gert fram að þessu en svo komi kunnáttuleysið. Kostnaður við að nota netið virðist hafa lítil áhrif á notkunina hjá allflestum en þó er um fjórðungur svarenda sem telur hann vera mikla eða frekar mikla hindrun í vegi þess að viðkomandi tengist netinu oftar en hann hefur hingað til gert.




Mynd 6.2:10. Helstu hindranir í vegi þess að nota netið meira en gert er í dag.

Fram hefur komið að svarendur hafa mikinn áhuga á því að fara á tölvunámskeið. Sjá má að kunnáttuleysi stendur í vegi þess að rúmlega 40% svarenda noti netið meira en þeir hafa gert til þessa.

Tengsl eru milli kyns⁶¹, aldurs⁶² og menntunar⁶³ og kunnáttuleysis sem hindrunar í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann hefur gert fram að þessu. Kunnáttuleysi stendur frekar í vegi karla en kvenna fyrir því að tengjast netinu oftar en gert er í dag. Það sama á við um eldri svarendur en eftir því sem svarendur eru eldri því hærra hlutfall telur kunnáttuleysi vera mikla eða frekar mikla hindrun í því að tengjast netinu oftar. Minni menntun þýðir líka hærra hlutfall sem telur kunnáttuleysið hafa þessi áhrif á sig.



Mynd 6.2:11. Kunnáttuleysi sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir kyni.




Mynd 6.2:12. Kunnáttuleysi sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir aldri.


⁶¹ (Tau-c=,13; α=,000)

⁶² (Tau-c=,16; α=,000)

⁶³ (Tau-c=,24; α=,000)




Mynd 6.2:13. Kunnáttuleysi sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir búsetu.



Mynd 6.2:14. Kunnáttuleysi sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir menntun.


Kostnaður er þáttur sem almennt hefur ekki mikil áhrif á það hversu oft svarendur tengjast netinu en þó má sjá að hann hefur meiri áhrif á eldra fólk⁶⁴ en yngra og einnig búsetu⁶⁵ fólks. Mjög líklegt er að það tengist beint gæði tenginga en þær hafa bein áhrif á kostnað við netnotkun.




Mynd 6.2:15. Kostnaður sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir kyni.

⁶⁴ (Tau-c=,14; α=,000)


⁶⁵ (Tau-c=,08; α=,001)



Mynd 6.2:16. Kostnaður sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir aldri.



Mynd 6.2:17. Kostnaður sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir búsetu.




Mynd 6.2:18. Kostnaður sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir menntun.


Gæði tengingar hafa þó nokkuð mikil áhrif á það að svarendur tengist netinu oftár, en um 60% svarenda telur hana vera mikla eða frekar mikla hindrun í vegi þess að þeir noti netið meira en þeir hafa gert til þessa. Mun hærra hlutfall svarenda í yngsta aldurshópnum⁶⁶ er á þeirri skoðun en aðrir svarendur sem og svarendur sem

⁶⁶ (Tau-c=,11; α=,000)


búsettir⁶⁷ eru annarsstaðar en á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi. Gæði tengingar er mun meiri hindrun fyrir grunnskóla-, iðn-, og starfsmenntaða svarendur en fyrir svarendur með stúdents- eða háskólapróf, í því að nota netið meira en þeir hafa gert fram til þessa.



Mynd 6.2:19. Gæði tengingar sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir kyni.




Mynd 6.2:20. Gæði tengingar sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir aldri.



Mynd 6.2:21. Gæði tengingar sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir búsetu.

⁶⁷ (Tau-c=,10; α=,000)



Mynd 6.2:22. Gæði tengingar sem hindrun í vegi þess að viðkomandi noti netið meira en hann/hún hefur gert, greint eftir menntun.


7.0 Samfélagið

Í þessum kafla er fjallað um samfélagið. Kaflinn skiptist upp í þrjá hluta; (1) menntun barna, (2) nýsköpun og nýsköpunarandi og (3) þróun byggðarlagsins.

7.1 Menntun barna

Í þessum hluta er fjallað um menntun barna á tvennan hátt. Annars vegar er skoðað hvort skipulag grunnskólans taki nægjanlega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum og hins vegar eru aðstæður unglinga á heimilunum til að afla sér framhaldsmenntunar skoðaðar.


Almennt séð má segja að mjög skiptar skoðanir eru varðandi það hvort grunnskólinn taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum. Það eru 58% sem telja að hann geri það en 42% telja að hann geri það ekki. Líttinn munur er að finna á svörum fólks eftir þeim bakgrunnsbreytum sem til skoðunar voru en þó kom fram marktækur munur eftir búfræðimenntun⁶⁸ þannig að þeir sem eru með búfræðikandídatsspróf telja í meira mæli en aðrir að hann taki ekki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum. Jafnframt má sjá að svarendur í hefðbundnum búgreinum⁶⁹ (mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt) telja í meira mæli en aðrir svarendur að grunnskólinn taki ekki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum.




Mynd 7.1:1. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir kyni.

⁶⁸ (Tau-c=,08; α=,000)


⁶⁹ (Tau-c=,09; α=,002)




Mynd 7.1:2. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir aldri.




Mynd 7.1:3. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir búsetu.



Mynd 7.1:4. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir menntun.




Mynd 7.1:5. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir búfræðimenntun.




Mynd 7.1:6. Finnst þér að skipulag grunnskólans taki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum, greint eftir búgrein.

Það helsta sem kom fram í svörum fólks varðandi það hvers vegna grunnskólinn taki ekki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum er hvað skólaveturinn er orðinn langur. Byrjar snemma á haustin og hættir í byrjun sumars. Á vorin og haustin er ýmislegt að gera í sveitinni sem börnin vilja taka þátt í og hafa gott af að taka þátt í. Nokkrir gengu það langt að segja að eina ástæða þess að skólaveturinn væri svona langur sé vegna þess að þéttbýlisbúa vanti pössun fyrir börnin sín á þessum tíma. Jafnframt kom fram í svörum margra óánægja með skólaaksturinn, börnin þurfi oft á tíðum að dvelja lengi í skólabílnum, þurfi jafnvel að bíða eftir honum þegar skóli er búinn og þetta geri það að verkum að skóladagurinn verði mjög langur hjá krökkunum. Einnig sé allt tómstundastarf og aðrar upptökur eftir skóla eða á kvöldin og eigi þau þá erfiðara með að sækja slíkt.




Mynd 7.1:7. Hvers vegna tekur grunnskólinn ekki nægilega mið af aðstæðum barna búsettum í sveitum?


Aðstæður unglinga til að afla sér framhaldsmenntunar eru almennt góðar en um 80% svarenda telur þær mjög eða frekar góðar. Hjá 20% svarenda eru þær þó frekar eða mjög slæmar. Helst má sjá að þær séu verri hjá svarendum á Vestfjörðum en svarendum búsettum á öðrum svæðum þó munurinn hafi ekki reynst marktækur.




Mynd 7.1:8. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir kyni.




Mynd 7.1:9. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir aldri.




Mynd 7.1:10. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir búsetu.



Mynd 7.1:11. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir menntun.




Mynd 7.1:12. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir búfræðimenntun.



Mynd 7.1:13. Hverjar eru aðstæður unglinga á þínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar, greint eftir búgrein.

Það helsta sem kom fram í svörum fólks um ástæðu þess að þeir telja aðstæður unglinga á sínu heimili til að afla sér framhaldsmenntunar slæmar er að það sé ekki framhaldsskóli í byggðarlaginu sem þýðir í raun að þau þurfa að flytja að heiman, dvelja á heimavist eða keyra langar leiðir og hvort tveggja er kostnaðarsamt.




Mynd 7.1:14. Hvers vegna eru aðstæður unglinga slæmar til að afla sér framhaldsmenntunar?

7.2 Nýsköpun og nýsköpunarandi


Í þessum hluta er fjallað um nýsköpun og nýsköpunaranda í byggðarlaginu. Horft er til þess hversu opnir menn eru almennt í byggðarlaginu fyrir óvenjulegum og eða nýjum hugmyndum og þess hversu hvetjandi eða letjandi andinn er til að stofna ný fyrirtæki eða stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum.

Hvað atvinnuþróun í byggðarlögunum varðar má segja að mun fleiri töldu að almennt séð séu menn opnir fyrir venjulegum og eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun. Tengsl koma

fram milli aldurs⁷⁰ og menntunar⁷¹ og viðhorfs til þess hversu opnir menn eru almennt fyrir venjulegum og eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun. Svarendur í yngsta aldurshópnum töldu í mun meira mæli en svarendur í öðrum aldurshópum að menn væru opnari fyrir slíku en jafnframt mátti sjá að með hækkandi aldri veigruðu menn sér meira fyrir því að svara þessari spurningu. Sama er að segja um menntunina, minni menntun þýðir í raun fleiri sem svara með „veit ekki“.




Mynd 7.2:1. Hversu opnir eru menn almennt fyrir venjulegum og/eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun, greint eftir kyni.




Mynd 7.2:2. Hversu opnir eru menn almennt fyrir venjulegum og/eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun, greint eftir aldri.

⁷⁰ (Tau-c=,09; α=,000)

⁷¹ (Tau-c=,10; α=,000)




Mynd 7.2:3. Hversu opnir eru menn almennt fyrir venjulegum og/eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun, greint eftir búsetu.




Mynd 7.2:4. Hversu opnir eru menn almennt fyrir venjulegum og/eða óhefðbundnum hugmyndum varðandi atvinnuþróun, greint eftir menntun.


Almennt voru svarendur á því að sá andi sem ríkir í þeirra byggðarlagi fyrir þá sem vilja stofna ný fyrirtæki þar væri hvetjandi frekar en letjandi en þó tóku nokkuð margir einfaldlega ekki afstöðu til þess.




Mynd 7.2:5. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stofna ný fyrirtæki í byggðarlaginu, greint eftir kyni.



Mynd 7.2:6. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stofna ný fyrirtæki í byggðarlaginu, greint eftir aldri.




Mynd 7.2:7. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stofna ný fyrirtæki í byggðarlaginu, greint eftir búsetu.




Mynd 7.2:8. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stofna ný fyrirtæki í byggðarlaginu, greint eftir menntun.


Hvað nýsköpun í starfandi fyrirtækjum varðar þá taldi um helmingur svarenda að sá andi sem ríkjandi væri í byggðarlaginu fyrir þá sem vilja stuðla að nýsköpun í starfsandi fyrirtækjum í byggðarlaginu væri hvetjandi. Margir tóku ekki afstöðu til spurningarinnar en það voru um 28% svarenda sem tölu sig ekki vita hvort andinn í byggðarlaginu væri hvetjandi eða letjandi gagnvart þeim sem vilja stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum.




Mynd 7.2:9. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum í byggðarlaginu, greint eftir kyni.



Mynd 7.2:10. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum í byggðarlaginu, greint eftir aldri.



Mynd 7.2:11. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum í byggðarlaginu, greint eftir búsetu.




Mynd 7.2:12. Hversu hvetjandi/letjandi er sá andi sem ríkir í þínu byggðarlagi fyrir þá sem vilja stuðla að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum í byggðarlaginu, greint eftir menntun.

7.3 Þróun byggðarlagsins


Í þessum hluta er fjallað um þróun byggðarlagsins. Byrjað er á því að skoða hvort til staðar séu kynbundnar hindranir í vegi karla og kvenna í atvinnurekstri og ef svo er í hverju þær birtast. Síðan er aðgengi kynjanna að atvinnuráðgjöf skoðað og hvort viðkomandi hafi trú á jákvæðri þróun byggðarlagsins. Að lokum er velt upp þeim möguleika hvort viðkomandi komi til með að flytja í burtu í náinni framtíð og þá hvers vegna og hvert.

Svarendur eru almennt á því að ekki séu til staðar kynbundnar hindranir í vegi karla í atvinnurekstri þó nokkuð margir taki í raun ekki afstöðu til þess. Mjög svipað hlutfall karla og kvenna telur þær til staðar eða um 3% en hins vegar taka konur síður afstöðu til þess eða rúm 31% kvenna⁷² á móti 23% karla.

Það hvað vinnumarkaðurinn er kynskiptur og sum störf eyrnamerkt körlum og önnur konum eru helstu hindranir sem verða á vegi karla í atvinnurekstri að mati þeirra fáu svarenda sem tjáðu sig um málið.




Mynd 7.3:1. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi karla í atvinnurekstri, greint eftir kyni.




Mynd 7.3:2. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi karla í atvinnurekstri, greint eftir aldri.

⁷² (Tau-c=,07; α=,015)



Mynd 7.3:3. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi karla í atvinnurekstri, greint eftir búsetu.




Mynd 7.3:4. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi karla í atvinnurekstri, greint eftir menntun.


Það voru tæp 17% svarenda sem töldu kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri. Nokkuð fleiri konur en karlar voru á þeirri skoðun en 22% kvenna töldu svo vera en um 10% karla. Jafnframt má sjá að svarendur búsettir⁷³ á Norðurlandi töldu í mun meira mæli en svarendur á öðrum svæðum að það væru kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri.

Þessar hindranir birtast helst í vantrú á því hvað konur geti og viðhorfum til kvenna almennt. Jafnframt kom fram að þær hefðu ekki jafn góða lánamöguleika og þær þyrftu að hafa meira fyrir hlutunum.


⁷³ (Tau-c=,06; α=,031)




Mynd 7.3:5. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri, greint eftir kyni.



Mynd 7.3:6. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri, greint eftir aldri.



Mynd 7.3:7. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri, greint eftir búsetu.




Mynd 7.3:8. Telur þú að það séu kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri, greint eftir menntun.

Tafla 7.3:1. Í hverju birtast kynbundnar hindranir?

Þáttur:	Fjöldi
Vantrú á getu kvenna	45
Verrri lánamöguleikum	26
Viðhorfi til kvenna	25
Kynjamisrétti	17
Þær þurfa að hafa meira fyrir hlutunum	11
Þær eru sjálfum sér verstar	10
Þær eru ofhlaðnar ábyrgð á heimilinu	7
Staður konunnar er heima	7
Þær eru ekki eins líkamlega sterkar og karlar	6
Annað	5


Mikill meirihluti svarenda taldi að karlar og konur hefðu jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf. Þeir svarendur sem töldu að annað kynið hefði betri aðgang en hitt kynið voru nær allir sammála um að það væru karlar sem hefðu betri aðgang að atvinnuráðgjöf en konur. Aldur⁷⁴ svarenda hefur áhrif á viðhorf þeirra þannig að hærri aldur þýðir í raun hærra hlutfall sem telur að karlar hafi betra aðgengi að atvinnuráðgjöf. Menntun⁷⁵ hefur einnig áhrif á viðhorf þeirra þannig að minni menntun þýðir hlutfallslega fleiri sem telja að karlar hafi betri aðgang en konur að atvinnuráðgjöf.




Mynd 7.3:9. Hafa karlar og konur jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf, greint eftir kyni.

⁷⁴ (Tau-c=,04; α=,012)


⁷⁵ (Tau-c=,04; α=,023)



Mynd 7.3:10. Hafa karlar og konur jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf, greint eftir aldri.




Mynd 7.3:11. Hafa karlar og konur jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf, greint eftir búsetu.




Mynd 7.3:12. Hafa karlar og konur jafnan aðgang að atvinnuráðgjöf, greint eftir menntun.


Almennt séð má segja að svarendur hafi mikla trú á jákvæðri þróun byggðarlags síns en þó hefur fjórðungur svarenda litla trú á því. Helst má sjá að svarendur í yngsta aldurshópnum sem og svarendur á Vestfjörðum hafi minni trú en aðrir á jákvæðri þróun byggðarlags síns.




Mynd 7.3:13. Hefur þú trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum, greint eftir kyni.



Mynd 7.3:14. Hefur þú trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum, greint eftir aldri.




Mynd 7.3:15. Hefur þú trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum, greint eftir búsetu.




Mynd 7.3:16. Hefur þú trú á jákvæðri þróun byggðarlags þíns á næstu árum, greint eftir menntun.


Segja má að fáir svarendur hafi í hyggju að flytja í burtu í náinni framtíð. Rétt innan við 9% svara því til að þeir telji mjög eða frekar líklegt að þeir flytji í burtu í náinni framtíð. Langflestir svara því til að þeir telji það mjög ólíklegt eða tæp 61% svarenda og rúm 22% til viðbótar telja það frekar ólíklegt. Ekki var hægt að greina neinn mun á svörum einstaklinga eftir kyni, aldri, búsetu eða menntun.




Mynd 7.3:17. Hefur þú áform um að flytja í burtu í náinni framtíð, greint eftir kyni.



Mynd 7.3:18. Hefur þú áform um að flytja í burtu í náinni framtíð, greint eftir aldri.




Mynd 7.3:19. Hefur þú áform um að flytja í burtu í náinni framtíð, greint eftir búsetu.



Mynd 7.3:20. Hefur þú áform um að flytja í burtu í náinni framtíð, greint eftir menntun.

Langalgengast er að þeir svarendur sem töldu sig munu flytja í burtu í náinni framtíð geri það vegna heilsufarsástæðna, þá aðallega vegna aldurs.

Nær allir svarendur sem hyggja á flutning í burtu á næstu árum ætla sér að flytja í þéttbýlið, aðallega á höfuðborgarsvæðið eða til Akureyrar. Margir eru óákveðnir og nefna fleiri en einn stað eða svara því til að þeir viti það ekki eða að það sé óvíst hvert þeir fari.



Mynd 7.3:21. Hvers vegna muntu flytja?

8.0 Lokaorð

Í þessari skýrslu er að finna niðurstöður úttektar á stöðu karla og kvenna búsettum á lögbýlum á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um starfs- og félagslegar aðstæður þeirra með það að leiðarljósi hvort tilefni sé til þess og þörf á að styrkja sérstaklega stöðu karla og kvenna á ákveðnum svæðum á Íslandi.

Markmið rannsóknarinnar var að svara því hvort munur væri á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks eftir kynferði, búsetu og búgrein. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna glöggð að svo er. Má þar t.d. nefna að konur eru mun verr settar félagslega en karlar. Einnig kemur fram að töluverður munur er á heildartekjum fólks eftir fyrr greindum þáttum. Hallar þar mest á konur, Vestfirði og sauðfjárnætur. Sjá má að staða mjólkurframleiðenda er mun betri en þeirra sem stunda annan búrekstur og eru þeir mun líklegri en aðrir til að geta lifað eingöngum af tekjum búrekstrarins.

Þetta er mjög viðamikil rannsókn sem gefur góða mynd af bæði félagslegum- og efnahagslegum aðstæðum fólks í dreifbýli á Íslandi og er það ósk okkar að hún komi að góðum notum til þess að hlúa betur að þeim einstaklingum sem hafa lífibrauð af því að yrkja landið og framleiða matvæli ofan í okkur hin. Fara verður vel yfir það hvar skóinn kreppir og skoða til hvaða úrræða hægt er að grípa.

Niðurstöður þessarar rannsóknar svara mörgum spurningum en vekur einnig upp margar aðrar sem vert væri að skoða betur í náinni framtíð.

Viðauki